

Sp.

826. Skýrsla

menntamálaráðherra til Alþingis um norrænt samstarf á sviði menningarmála.

Norrænt samstarf á sviði menningarmála.

Í skýrslu þeirri er hér fer á eftir er fjallað um það skipulagða menningarsamstarf sem fram fer á vegum ríkisstjórnanna á Norðurlöndum og þá einkum menntamálaráðuneytanna. Þessi starfsemi er að sjálfsögðu einungis lítill þáttur af norrænni menningarsamvinnu, sem seint yrði rakin til hlítar. Auk einstaklingsbundinna samskipta hafa komist á meira eða minna reglubundin tengsl milli fjölmargra samtaka og stofnana sem starfa á sviði menntunar og annarra menningarmála. Stundum njóta slík samskipti stuðnings af samnorrænum fjárveitingum, í öðrum tilvikum kann að koma til styrkur af fjárveitingum í hverju landi fyrir sig, en margs konar samstarf fer auðvitað fram án fjárhagslegs atbeina af opinberri hálfu. Meðal samtaka sem starfa að norrænum menningarsamskiptum ber að geta Norrænu félaganna sérstaklega, ekki síst fyrir það frumkvæði sem þau hafa átt að mörgum samstarfsverkefnum og fyrir það hve mikla áherslu þau hafa lagt á starfsemi sem nær til almennings en einskorðast ekki við stofnanir og sérhópa.

Skipulag.

Skipulagslegur grundvöllur menningarsamvinnu á vegum ríkisstjórnanna hefur hin síðari ár verið **norræni menningarmálasamningurinn** sem svo er nefndur, eða samningur milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um samstarf á sviði menningarmála sem gerður var 1971 og tók gildi 1. janúar 1972. Í samningnum er kveðið á um samstarf á sviði vísindarannsókna, fræðslumála og almennra menningarmála, svo og á vettvangi alþjóðlegrar menningarsamvinnu. Með yfirstjórn samstarfsins fer **Ráðherranefnd Norðurlanda**, skipuð **menntamálaráðherrunum**. Henni til aðstoðar er embættismannanefnd með fulltrúum menntamálaráðuneytanna, svo og þrjár **ráðgjafarnefndir**, ein fyrir hvert hinna þriggja meginsviða samstarfsins, vísindamál, fræðslumál og almenn menningarmál. Samkvæmt samningnum var komið á fót sameiginlegri skrifstofu til að vinna að samsarfsmálefnum á vegum ráðherranefndarinnar. Hefur hún á íslensku verið nefnd **Norræna menningarmálaskrifstofan** og er til húsa að Snaregade 10 í Kaupmannahöfn. Norræna menningarmálaskrifstofan annast einnig skrifstofuhald fyrir **Menningarsjóð Norðurlanda** sem stofnaður var 1966 og lýtur sérstakri stjórn, skipaðri fulltrúum Norðurlandaráðs (þjóðþinganna) og ríkisstjórnanna.

Í norræna menningarmálasamningnum er kveðið á um að samstarfið skuli fara fram með aðild **Norðurlandaráðs**. Kemur sú aðild í framkvæmd einkum til kasta **menningarmálanefndar ráðsins**, auk þess sem mörg þeirra viðfangsefna sem samstarfið beinist að eiga með nokkrum hætti rætur að rekja til tillagna sem fram hafa verið lagðar og ályktað um í Norðurlandaráði. Menningarmálanefnd Norðurlandaráðs á reglubundið tvo fundi ár hvert með ráðherranefndinni (menntamálaráðherrunum), annan á haustmánuðum en hinn í tengslum við þing Norðurlandaráðs, í febrúar eða mars. Á haustfundinum er ráðgast um stefnumál í norrænu menningarsamstarfi, en á hinum fundinum er fjallað sérstaklega um fjárveitingar til samstarfsins eins og nánar verður vikið að. Af Íslands hálfu á nú sæti í menningarmálanefnd Norðurlandaráðs Eiður Guðnason, alþingismaður, og er hann jafnframt formaður nefndarinnar.

Norræna menningarmálaskrifstofan er skipulögð í þremur deildum eftir meginviðum menningarmálasamningsins (vísindamáladeild, fræðslumáladeild og deild almennra menningarmála), en auk þeirra er stjórnásludeild, upplýsingaþjónusta og útgáfustarfsemi, svo og skrifstofuhald fyrir Menningarsjóð Norðurlanda. Forstjóri menningarmálaskrifstofunnar er nú Halvdan Skard frá Noregi. Tók hann við því starfi 1. desember 1981 af Klas Olofsson frá Svíþjóð sem hafði verið forstjóri frá 1975, en fyrstur gegndi forstjórastarfinu Magnus Kull frá Finnlandi. Fastir starfsmenn menningarmálaskrifstofunnar voru í árslok 1981 36, en auk þess voru 10 ráðnir til starfa að sérstökum verkefnum. Lengi vel voru allir starfsmenn ráðnir til takmarkaðs tíma, oftast fjögurra ára í senn, en á síðasta ári var ákveðið að breyta stöðum aðstoðarmanna (skrifstofumanna), svo og þremur fulltrúastöðum, í ótímabundnar stöður. Aðrir fulltrúar, svo og stjórnendur, eru sem fyrir ráðnir til ákveðins tíma. Í menningarmálaskrifstofunni starfa nú 4 Íslendingar: Atli Guðmundsson, Guðný Helgadóttir, Hróbjartur Einarsson og Kristjana Íslandi. Kristjana gegnir starfi gjaldkera í stjórnásludeild og hefur starfað í skrifstofunni frá öndverðu. Hróbjartur er fulltrúi með verksviði er tengist ýmsum styrkjakerfum sem undir skrifstofuna falla, en er nú í leyfi frá fulltrúastarfinu til ársloka 1983 til að vinna að samningu norsk-íslenskrar orðabókar með styrk frá menningarsjóðnum; hann hóf störf í menningarmálaskrifstofunni vorið 1972. Atli Guðmundsson og Guðný Helgadóttir eru bæði fulltrúar í fræðslumáladeild; Atli réðst þar til starfa vorið 1980 en Guðný haustið 1981.

Norrænu menningarfjárlögin.

Meðal verkefna menningarmálaskrifstofunnar er að undirbúa hina árlegu samnorrænu fjárhagsáætlun um samstarf á sviði menningarmála, „**norrænu menningarfjárlögin**“ sem svo eru kölluð. Aðdragandi menningarfjárlaganna hverju sinni er harla langur og þar koma margir aðilar við sögu. Í sem stystu máli er ferillinn á þessa leið: Fyrir 1. nóvember á næstsíðasta ári fyrir upphaf viðkomandi fjárlagaárs skulu menningarmálaskrifstofunni hafa borist fjárlagatillögur frá stofnunum og öðrum aðilum sem menningarfjárlögin taka til. Menningarmálaskrifstofan vinnur úr tillögunum fyrstu drög að fjárhagsáætlun sem síðan eru rædd á fundi embættismannanefndarinnar í janúar (árið fyrir upphaf fjárlagaársins). Að loknum þeim umræðum sendir menningarmálaskrifstofan endurskoðuð drög til ráðherra- nefndarinnar (menntamálaráðherranna), fjárlaganefndar ráðherranefndarinnar og til menningarmálanefndar Norðurlandaráðs. Fjárlaganefnd ráðherranefndarinnar er skipuð fulltrúum frá fjármálaráðuneytinum og fjallar auk menningarfjárlaganna einnig um hin svonefndu „almennu fjárlög“ Ráðherranefndar Norðurlanda, þ. e. fjárhagsáætlun fyrir það samstarf sem fellur undir ráðherranefndarskrifstofuna í Ósló og lýtur yfirstjórn samstarfs- ráðherranna. Fjárlaganefnd þessi heldur fund um menningarfjárlögin í janúar eða febrúar og athugasemdir hennar eru sendar til ráðherranefndarinnar (menntamálaráðherranna) og menningarmálanefndar Norðurlandaráðs. Skömmu síðar, venjulega í tengslum við þing Norðurlandaráðs í febrúar/mars, halda ráðherranefndin (menntamálaráðherrarnir) og menningarmálanefnd Norðurlandaráðs sameiginlegan fund um fjárlagadrögin. (Áður hefur fjárlaganefnd Norðurlandaráðs átt þess kost að láta menningarmálanefndinni í té umsögn um drögin). Að loknum samráðsfundinum taka menntamálaráðherrarnir bráðabirgða- ákvörðun um heildarfjárhæð og meginrætti fjárhagsáætlunarinnar. Eftir lokameðferð af hálfu menningarmálaskrifstofunnar og embættismannanefndarinnar á þeim grundvelli er endanleg gerð menningarfjárlaganna síðan staðfest af ráðherranefndinni (menntamálaráð- herrunum), venjulega í lok mars, með fyrirvara um samþykki þjóðþinganna. Framlög ríkj- anna samkvæmt hinni sameiginlegu fjárhagsáætlun eru tekin í frumvarp til fjárlaga í hverju landi fyrir sig og þannig borin undir þjóðþingin áður en áætlunin tekur gildi. Greiðsluhlut- deild ríkjanna fer eftir þeirri reglu sem gildir á hverjum tíma um skipting samnorrænna útgjalda samkvæmt ákvörðun Ráðherranefndar Norðurlanda (samstarfsráðherranna) og

miðast við hlutfallstölur verðmætis vergrar þjóðarframleiðslu, leiðréttar með nokkurra ára millibili. Skiptingin árin 1980—82 er sem hér segir:

Danmörk greiðir 23,7%

Finnland greiðir 16,0%

Ísland greiðir 0,9%

Noregur greiðir 18,0%

Svíþjóð greiðir 41,4%

Sömu skiptihlutföll hafa nýlega verið ákveðin fyrir tímabilið 1983—1985.

Yfirlit um fjárveitingar samkvæmt norrænu menningarfjárlögnum fyrir árið 1982 fer hér á eftir (ath. að tilgreindar eru fjárveitingar eftir að tekið hefur verið tillit til áætlaðra tekna í einstökum tilvikum):

Norrænt menningarmálasamstarf
Samnorræn fjárhagsáætlun fyrir árið 1982

Starfssvið	Fjárveiting (í dönskum kr.)
01 Fræðslumál	14 155 000
02 Vísindamál	33 052 000
03 Almenn menningarmál	20 337 000
04 Ráðherranefnd Norðurlanda, ráðstöfunarfjárveiting	8 300 000
05 Menningarsjóður Norðurlanda	9 000 000
06 Norræna menningarmálaskrifstofan	7 529 000
Samtals	92 373 000
Áætlun um kostnaðarauka vegna samningsbundinna launahækkana	3 500 000
	95 873 000
 Sundurliðun eftir viðfangsefnum	
01 Fræðslumál	Fjárveiting (í dönskum kr.)
1.1. Lýðfræðslustofnun Norðurlanda Kungálv	3 673 000
1.2. Norrænt samstarf á sviði skólamála	1 398 000
1.3. Norrænt samstarf um fullorðinsfræðslu	413 000
1.4. Norræna blaðamannanámskeiðið	869 000
1.5. Norræn stofnun um skipulagsfræði	4 702 000
1.6. Norræn mála- og upplýsingamiðstöð í Finnlandi	1 080 000
Styrkir	
1.7. Norræna læknakennslusambandið	495 000
1.8. Norræn námskeið á sviði fræðslumála	1 525 000
Samtals	14 155 000
02 Vísindamál	
2.1. Norræna sjávarlíffræðinefndin	787 000
2.2. Atómvísindastofnun Norðurlanda (NORDITA)	9 201 000
2.3. Þjóðfræðastofnun Norðurlanda	980 000
2.4. Sjóréttarstofnun Norðurlanda	1 471 000
2.5. Norrænar jarðfræðinámsferðir til Íslands	315 000
2.6. Norræna vistfræðinefndin	587 000
2.7. Norræn stofnun um Asíufræði	2 860 000
2.8. Norræna hafeðlisfræðinefndin	910 000
2.9. Norræn samstarfsnefnd um heilbrigðisrannsóknir á norðurslóðum	848 000

Sundurlíðun eftir viðfangsefnum	Fjárveiting (í dönskum kr.)	
2.10 Norræn samstarfsnefnd um rannsóknir á sviði alþjóðamála	971 000	
2.11 Norræn samstarfsnefnd um vísinda- legar upplýsingar (NORDINFO)	3 431 000	
2.12 1. Norræn vísindanámskeið	3 219 000	
2. Norrænir vísindamannastyrkir	990 000	
3. Norrænar vísindaráðstefnur	796 000	
2.13 Norræna eldfjallastöðin	609 000	
	1 937 000	(1 809 000 ísl. kr.)
2.14 Norræn samstarfsnefnd um hraðaltengdar rannsóknir	450 000	
2.15 Norræn gagnamiðstöð fyrir fjölmiðlarannsóknir	485 000	
2.16 Norræna málstöðin	700 000	
Styrkir		
2.17 Norræni sumarháskólinn	1 214 000	
2.18 Norrænt félag um rannsóknir á málefnum rómönsku Ameríku	291 000	
Samtals	33 052 000	
03 Almenn menningarmál		
3.1 Norræna húsið í Reykjavík	1 542 000	
“	1 102 000	(1 030 000 ísl. kr.)
“	8 000	(5 000 f.mk.)
3.2 Norrænt leiklistarsamstarf — gestaleikir	1 416 000	
		2 672 000
— framhaldsmenntun	1 256 000	
— styrkur til Norræna áhugaleikararáðsins	322 000	
3.3 Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs	174 000	
3.4 Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs	160 000	
3.5 Norrænt tónlistarsamstarf — NOMUS	1 800 000	
3.6 Norræn Samastofnun	3 961 000	
3.7 Norrænt samstarf á sviði almannasamtaka		
1. Norrænt æskulýðssamstarf	1 991 000	
2. Norrænt alþýðufræðslusamstarf	1 283 000	
3. Norrænt íþróttasamstarf	330 000	
3.8 Styrkir til þýðingar á grannlandabókmenntum	1 400 000	
3.9 Norræna listmiðstöðin	2 380 000	
3.10 Norræn kvikmyndanámskeið	305 000	
3.11 Norræna húsið í Færeyjum (rekstur)	400 000	
Styrkir		
3.12 Norræna listbandalagið	324 000	
3.13 Norræn rithöfundanámskeið	183 000	
Samtals	20 337 000	

Til skýringar fjárlagayfirlitinu er vert að vekja athygli á nokkrum atriðum. Samnorræn-
ar stofnanir sem menningarfjárlögin taka til fá í lok hvers fjárhagsárs bætta samnings-
bundnar hækkanir sem orðið hafa á launum fastra starfsmanna frá því að fjárhagsáætlunin
var gerð. Fjárhæðin sem tilgreind er í menningarfjárlögunum í þessu skyni er því áætlunar-
tala. Að öðru leyti eru greiðslur samkvæmt fjárlögunum miðaðar við fast gengi gagnvart
danskri krónu; í menningarfjárlögunum 1982 er miðað við það gengi sem í gildi var 24.11.
1980. Loks ber að hafa í huga, að framlög til **byggingar** Norræna hússins í Þórshöfn eru ekki
felld inn í menningarfjárlögin, heldur gert ráð fyrir að fé í því skyni sé veitt sérstaklega. Um
skipting hins samnorræna hluta byggingarkostnaðarins fer þó eftir sömu hlutfallsreglu og
gildir um menningarfjárlögin sjálf. Samkvæmt þessu hefur greiðsluhluti Íslands vegna
menningarfjárlaganna 1982, að meðtöldum áætluðum launahækkunarbótum og framlagi á

Þessu ári til byggingar Norræna hússins í Þórshöfn, verið áætlaður kr. 1 040 847, og er sú fjárhæð (í heilum þús. kr.) í fjárlögum á lið menntamálaráðuneytisins (fjárlagaliður 02 984 0104).

Fyrstu norrænu menningarfjárlögin giltu fyrir árið 1973 og var heildarfjárhæð þeirra (að frátöldum áætluðum launahækkunarbótum) 32.136.900 d.kr. Síðan hafa niðurstöðutölur menningarfjárlaganna verið sem hér segir (launahækkunarbætur frátaldar sem fyrr):

1974:	33 700 000 d.kr.
1975:	38 656 000 d.kr.
1976:	45 263 000 d.kr.
1977:	52 000 000 d.kr.
1978:	61 140 000 d.kr.
1979:	74 391 000 d.kr.
1980:	80 829 000 d.kr.
1981:	85 942 000 d.kr.
1982:	92 373 000 d.kr.

Síðustu árin hefur dregið úr árlegri hækkun menningarfjárlaganna að raungildi, enda verið ríkjandi ströng aðhaldsstefna í ríkisfjármálum víðast hvar á Norðurlöndum. Þetta sjónarmið, að leyfa helst engar raunhækkunir, hefur verið jafnvel enn eindregnara en nokkru sinni fyrr við undirbúning norrænu menningarfjárlaganna fyrir árið 1983 sem unnið hefur verið að undanfarna mánuði. Fjárhagsáætlunin fyrir næsta ár var staðfest af ráðherranefndinni (menntamálaráðherrunum) 24. mars s. l., með venjulegum fyrirvara um samþykki þjóðþinganna. Fer yfirlit um fjárveitingar samkvæmt áætluninni hér á eftir:

**Norrænt menningarmálasamstarf
Samnorræn fjárhagsáætlun fyrir árið 1983**

Starfssvið	Fjárveiting (í dönskum kr.)
01 Fræðslumál	15 749 000
02 Vísindamál	39 394 000
03 Almenn menningarmál	26 102 000
04 Ráðherranefnd Norðurlanda, ráðstöfunarfjárveiting	7 960 000
05 Menningarsjóður Norðurlanda	9 630 000
06 Norræna menningarmálaskrifstofan	8 684 000
Samtals	107 519 000
Áætlun um kostnaðarauka vegna samningsbundinna launahækkana	5 500 000
	113 019 000
Sundurliðun eftir viðfangsefnum	
01 Fræðslumál	
1.1 Lýðfræðslustofnun Norðurlanda, Kungälv	3 687 000
1.2 Norrænt samstarf á sviði skólamála	1 496 000
1.3 Norrænt samstarf um fullorðinsfræðslu	442 000
1.4 Norræna blaðamannanámskeiðið	935 000
1.5 Norræn stofnun um skipulagsfræði	4 870 000
1.6 Norræn mála- og upplýsingamiðstöð í Finnlandi	1 277 000
1.7 Norræni búsluháskólinn	754 000
Styrkir	
1.8 Norræna læknakennslusambandið	540 000
1.9 Norræn námskeið á sviði fræðslumála	1 748 000
Samtals	15 749 000

Sundurlíðun eftir viðfangsefnum	Fjárveiting (í dönskum kr.)
02 Vísindamál	
2.1 Norræna sjávarlíffræðinefndin	909 000
2.2 Atómvísindastofnun Norðurlanda (NORDITA)	10 426 000
2.2 Þjóðfræðastofnun Norðurlanda	1 180 000
2.4 Sjóréttarstofnun Norðurlanda	1 676 000
2.5 Norrænar jarðfræðinámsferðir til Íslands	425 000
2.6 Norræna vistfræðinefndin	603 000
2.7 Norræn stofnun um Asíufræði	3 148 000
2.8 Norræna hafeðlisfræðinefndin	1 042 000
2.9 Norræn samstarfsnefnd um heilbrigðis- rannsóknir á norðurlöðum	1 001 000
2.10 Norræn samstarfsnefnd um rannsóknir á sviði alþjóðamála	1 001 000
2.11 Norræn samstarfsnefnd um vísindalegar upplýsingar (NORDINFO)	4 023 000
2.12 1. Norræn vísindanámskeið	3 509 000
2. Norrænir vísindamannastyrkir	1 079 000
3. Norrænar vísindaráðstefnur	868 000
2.13 Norræna eldfjallastöðin	2 748 000
2.14 Norræn samstarfsnefnd um hraðaltengdar rannsóknir	482 000
2.15 Norræn gagnamiðstöð fyrir fjölmiðlarannsóknir	640 000
2.16 Norræna málstöðin	806 000
2.17 Norrænt vísindamálaráð	2 200 000
Styrkir	
2.18 Norræni sumarháskólinn	1 332 000
2.19 Norrænt félag um rannsóknir á málefnum rómönsku Ameríku	296 000
Samtals	39 394 000
03 Almenn menningarmál	
3.1 Norræna húsið í Reykjavík	3 141 000
3.2 Norrænt leiklistarsamstarf	
— gestaleikir og framhaldsmenntun	3 144 000
— styrkur til Norræna áhugaleikararáðsins	345 000
3.3 Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs	268 000
3.4 Fónlistarverðlaun Norðurlandaráðs (ekki úthlutað 1983)	0
3.5 Norrænt tónlistarsamstarf — NOMUS	1 926 000
3.6 Norræn Samastofnun	4 787 000
3.7 Norrænt samstarf á sviði almannasamtaka	
1. Norrænt æskulýðssamstarf	2 370 000
2. Norrænt alþýðufræðslusamstarf	1 398 000
3. Norrænt íþróttasamstarf	500 000
3.8 Styrkir til þýðingar á grannlandabókmenntum	1 526 000
3.9 Norræna listmiðstöðin	2 779 000
3.10 Norræn kvikmyndanámskeið	327 000
3.11 Norræna húsið í Færeyjum (rekstur)	3 023 000
Styrkir	
3.12 Norræna listbandalagið	380 000
3.13 Norræn rithöfundanámskeið	188 000
Samtals	26 102 000

Viðfangsefni.

Fjárveitingum í norrænu menningarfjárlögunum má skipta í fjóra meginliði:

1. Fjárveiting til Norrænu menningarmálaskrifstofunnar
2. Ráðstöfunarfé ráðherranefndarinnar
3. Framlag til Menningarsjóðs Norðurlanda

4. Fjárveitingar til ýmissa samnorræna stofnana og fastra samstarfsverkefna. Fjárveitingum í þessum flokki, sem er langviðamestur, er síðan skipt í þrjú meginsvið eftir eðli viðfangsefna: Fræðslumál, vísindamál og almenn menningarmál.

Verður nú vikið nokkru nánar að hverjum þeirra aðalfjárveitingarliða sem hér voru taldir.

1. Fjárveitingin til **Norrænu menningarmálaskrifstofunnar** rennur til að kosta rekstur og starfsemi skrifstofunnar, en einnig er greiddur af henni nokkur nefndakostnaður, m. a. vegna ráðgjafarnefndanna þriggja. Ráðgjafarnefndir þessar fjalla eins og áður getur hver um sitt meginsvið menningarmálasamningsins og nefnast í samræmi við það **Ráðgjafarnefnd um fræðslumál, Ráðgjafarnefnd um vísindamál og Ráðgjafarnefnd um almenn menningarmál**. Í hverri nefnd eiga sæti fulltrúar frá öllum löndunum og í síðasttöldu nefndinni er einnig fulltrúi frá Norrænu félagunum. Fulltrúar Íslands eru sem hér segir: Í ráðgjafarnefnd um fræðslumál: Guðmundur Arnlaugsson, fyrrv. rektor, og Rósa Björk Þorbjarnardóttir, endurmenntunarstjóri. Í ráðgjafarnefnd um vísindamál: Dr. Jónas Kristjánsson, forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi, og dr. Sigurður Þórarinsson, prófessor. Í ráðgjafarnefnd um almenn menningarmál: Guðrún Jónsdóttir, arkitekt, Tryggvi Gíslason, skólameistari, og Þorbjörn Broddason, dósent. Nefndirnar láta uppi álit um samstarfsmál sem á döfinni eru en vinna jafnframt að stefnumótun hver á sínu sviði. Meðal verkefna þeirra er að veita umsögn um styrkumsóknir til Menningarsjóðs Norðurlanda. Hver ráðgjafarnefnd heldur fundi tvisvar til þrisvar á ári.

Auk þess almenna starfs Norrænu menningarmálaskrifstofunnar sem lýtur að því að undirbúa og fylgja fram ákvörðunum ráðherranefndarinnar og inna af hendi skrifstofuþjónustu í sambandi við margvísleg samstarfsverkefni er ástæða til að vekja athygli á þeirri upplýsinga- og útgáfustarfsemi sem skrifstofan stendur fyrir, að nokkru í samvinnu við ráðherranefndarskrifstofuna í Ósló og aðalskrifstofu Norðurlandaráðs í Stokkhólmi. Í ritröðinni **Norræn nefndarálit** sem þessir aðilar standa að sameiginlega birtast árlega skýrslur frá samnorrænum nefndum og starfshópum sem falið hefur verið að fjalla um tiltekin málefni, m. a. á sviði menningarmála. Sjálf gefur Norræna menningarmálaskrifstofan m. a. út nokkur fréttabréf og reglubundin upplýsingarit um norrænt menningarsamstarf. Almenn fréttabréf skrifstofunnar nefnist **Meddelelser**. Fréttabréfið **Auðhumla** veitir sérstaklega upplýsingar um ýmsa styrki sem veittir eru til samstarfs á sviði menningarmála. Sérstök upplýsingarit eru gefin út um fræðslu- og uppeldismál: Upplýsingar um uppvaxtarumhverfi barna á Norðurlöndum (Information om børns opvækstmiljø i Norden). Upplýsingar um skólamál á Norðurlöndum (Information om skolan i Norden) og Upplýsingar um fullorðinsfræðslu á Norðurlöndum (Information om vuxenutbildningen i Norden). Í fréttabréfum þessum birtast greinar um viðkomandi málefni hvaðanæva af Norðurlöndum. Á síðasta ári kom út ný útgáfa handbókar með upplýsingum um nám á Norðurlöndum, einkum á háskólastigi (Att studera i Norden).

2. Fjárveiting sú sem tilgreind er sem „**ráðstöfunarfé ráðherranefndarinnar**“ er einkum ætluð til að standa straum af kostnaði við athugun og undirbúning vegna nýrra samstarfsverkefna sem til umræðu eru, svo og við samstarf sem enn er á reynslustigi og ekki þykir tímabært að festa í sessi með sérstakri fjárveitingu í menningarfjárlögum. Til þessarar fjárveitingar er einnig gripið ef greiða þarf kostnað vegna sérstakra, skammærra samstarfsverkefna. Dæmi af því tæi er norræna menningarkynningin í Bandaríkjunum 1982—83 (Scandinavia Today). Annað dæmi um fjárveitingar af ráðstöfunarfénu er styrkur til upplýsingaskrifstofa Norrænu félaganna utan höfuðborganna

á Norðurlöndum. Sjá af tíu ráðgerðum upplýsingaskrifstofum var komið á fót á s. l. ári, þ. á m. einni á Íslandi, á Egilsstöðum. Fjárstuðningur ráðherranefndarinnar er miðaður við þriggja ára reynslutímabil og bundinn því að jafnhá framlög a. m. k. komi á móti frá heimaaðilum.

3. **Menningarsjóður Norðurlanda** veitir styrki eftir umsóknum til samstarfsverkefna á sviði vísinda, fræðslu, lista og annarra menningarmála. Sjóðurinn hafði starfað í u. þ. b. fimm ár þegar norræni menningarmálasamningurinn kom til sögunnar. Úthlutun styrkja er í höndum tíu manna sjóðsstjórnar sem skipuð er tveimur fulltrúum frá hverju landi. Er annar þeirra kjörinn af Norðurlandaráði, að jafnaði úr hópi þingmanna, en hinn skipaður af Ráðherranefnd Norðurlanda (menntamálaráðherranum). Fulltrúar Íslands í sjóðsstjórninni eru Birgir Thorlacius, ráðuneyttisstjóri, og Sverrir Hermannsson, alþingismaður. Árið 1981 voru veittir 174 styrkir úr sjóðnum, samtals að fjárhæð um 8 424 000 danskar krónur. Til verkefna á sviði fræðslumála voru veittar 858 000 d.kr. eða 10,2% af heildarstyrkveitingum, til vísindasamstarfs 1 530 000 d.kr. eða 18,2% og til verkefna á sviði almennra menningarmála 6 036 000 d.kr. eða 71,6%. Í tilefni af ári fatlaðra var á árinu 1981 lögð sérstök áhersla á styrkveitingar til samstarfs varðandi málefni fatlaðra. Voru veittar alls 1 364 700 d.kr. til 30 verkefna á því sviði. Styrkir til íslenskra aðila og aðrir styrkir sem sérstaklega tengdust Íslandi voru 16 talsins, samtals að fjárhæð um 1 150 000 d.kr. Meðal slíkra styrkveitinga má nefna 200 þús. d.kr. styrk til Sinfóníuhljómsveitar Íslands vegna norræns tónlistarflutnings á tónlistarhátíð í Wiesbaden, 200 þús. d.kr. styrk til rannsóknna á lífríki Þingvallavatns, 60 þús. d.kr. styrk til Tónlistarsambands alþýðu til þátttöku í norræni söng- og tónlistarhátíð verkamanna, 40 þús. d.kr. styrk til Kennaraháskóla Íslands vegna norrænnar ráðstefnu hér á landi um menntun verkmenntakennara og styrk til Norræna leiklistarsambandsins til að gefa út safn finnskra og íslenskra leikrita.
4. Fjárveitingar til **samnorrænna stofnana** og annarra **fastra samstarfsverkefna**. Í þennan flokk fellur meginhluti fjárveitinga samkvæmt norrænu menningarfjárlögum. Verður hér dregið á hvert viðfangsefni fyrir sig, í þeirri röð sem þau eru talin í yfirlitinu hér að framan.

I. Fræðslumál.

- 1.1 **Lýðfræðslustofnun Norðurlanda** (Nordens folkliga akademi) í Kungälv í Svíþjóð er ætlað að sinna verkefnum sem varða þróun fullorðinsfræðslu og annarrar alþýðumenntunar á Norðurlöndum. Aðalstarfsemi stofnunarinnar er fólgin í stuttum námskeiðum fyrir fólk sem hefur áhuga á og starfar að þessum málum. Oft eru námskeið haldin í samvinnu við samtök og stofnanir á sviði almannafræðslu. Forstöðumaður er nú Maj-Britt Imnander, fyrrum forstjóri Norræna hússins í Reykjavík, en fulltrúi Íslands í stjórn stofnunarinnar er Reynir G. Karlsson, deildarstjóri íþrótt- og æskulýðsmáladeildar menntamálaráðuneytisins. 11 Íslendingar sóttu námskeið á vegum stofnunarinnar árið 1981.
- 1.2 **Norrænt samstarf á sviði skólamála.**
Hér er um að ræða skipulagt samstarf um ýmis þróunarverkefni á sviði skólamála. Fyrir rúmum áratug voru uppi áform um að stefna að sem mestri samræmingu skólakerfa á Norðurlöndum. Á síðari árum hefur orðið áherslubreyting í þessum efnum. Ekki er lengur kostað kapps um formlega samræmingu, heldur skal samstarfið, samkvæmt stefnumiðum sem ráðherranefndin samþykkti árið 1976, beinast að uppeldislegu rannsókn- og þróunarstarfi, svo og gagnkvæmum

upplýsingum um nýjungar og tilraunastarf m. a. á sviði námsskrár. Starfið hefur að undanfögnu talsvert tekið mið af því að málefni framhaldsskólastigsins hafa verið í deiglu hvarvetna á Norðurlöndum, og sérstök áhersla hefur verið lögð á verkefni sem varða starfsmenntun, m. a. með hliðsjón af atvinnuleysi æskufólks, sem víða er mikið vandamál. Sérstök stjórnarnefnd hefur umsjón með þessu samstarfi á sviði skólamála. Fulltrúi Íslands í nefndinni og formaður hennar um þessar mundir er Hörður Lárusson, deildarstjóri skólarannsóknadeildar menntamálaráðuneytisins. Samkvæmt áætlun um forgangsverkefni næstu ár verður áhersla lögð á eftirtalin meginsvið: a) Skólaskipulag og starfsaðstæður í skólum; b) rannsóknir varðandi kennslufræðilegar umbætur á sviði starfsmenntunar; c) tengsl menntunar og atvinnulífs; d) þátttöku sérkennslunemenda í almennu skólanámi. Hafist hefur verið handa um samstarf varðandi kennslugögn, einkum á sérstökum sviðum starfsmenntunar þar sem nemendur eru fáir í hverju einstöku landi.

Lengi hefur verið rætt um hvernig greiða mætti fyrir möguleikum kennara til að starfa við skóla á Norðurlöndum, utan heimalandsins. Markverður áfangi á þessu sviði hefur nýlega náðst með gerð samkomulags um sameiginlegan norrænan vinnumarkað almennra kennara (bekkjarkennara) í grunnskólum. Drög að slíku samkomulagi, unnin á vegum Norrænu menningarmálaskrifstofunnar í samráði við Ráðgjafarnefnd um fræðslumál og stjórnarnefnd norræns skólamálasamstarfs, voru lögð fyrir ráðherranefndina (menntamálaráðherrana) og samþykkt í nóvember 1981. Að höfðu samráði við Kennarasamband Íslands var ákveðin aðild að samkomulaginu af íslenskri hálfu. Menningarmálanefnd Norðurlandaráðs lýsti eindregnum stuðningi við samkomulagið, og var það undirritað af menntamálaráðherrunum fyrir hönd ríkisstjórnanna 3. mars 1982 í Helsingfors. Tillaga til þingsályktunar um heimild til fullgildingar samkomulagsins af íslenskri hálfu hefur nú verið lögð fyrir Alþingi. Í samkomulaginu felst í meginatriðum, að sú menntun sem veitir rétt til að starfa sem almennur kennari (bekkjarkennari) í grunnskóla í einu Norðurlandaráki veiti hliðstæðan rétt í hinum ríkjum. Áskilið er að kennari hafi nægilegt vald á tungumáli því sem kennt er á í viðkomandi skóla. Gert er ráð fyrir að haldið verði áfram að vinna að þessum málum í því skyni að koma á hliðstæðu samkomulagi fyrir fleiri hópá kennara.

Hér skal og getið nokkurra samstarfsverkefna á sviði fræðslumála sem kostuð hafa verið af ráðstöfunarfé ráðherranefndarinnar eða með öðrum sérstökum hætti.

Sérstakur starfshópur hefur fjallað um **starfsmenntun á sviði sjávarútvegs**. Fulltrúi Íslands í starfshópnum er Stefán Ól. Jónsson, deildarstjóri verk- og tækni-menntunardeildar menntamálaráðuneytisins. Gerð var úttekt á námsframboði á sviði sjávarútvegs alls staðar á Norðurlöndum. Í framhaldi af því fer nú fram athugun á hvernig koma megi á virkum upplýsingatengslum milli stjórnvalda og skólafnana sem sinna þessum málum.

Norræn ráðstefna um **menntun verkmenntakennara** var haldin að Reykjum í Ölfusi (Garðyrkjuskóla ríkisins) vorið 1981. Kennaraháskóli Íslands stóð fyrir ráðstefnunni og hlaut til þess styrk frá Menningarsjóði Norðurlanda eins og áður getur. Hliðstæð ráðstefna er fyrirhuguð í Finnlandi sumarið 1982.

Snemma á árinu 1981 samþykkti ráðherranefndin (menntamálaráðherrarnir) starfsáætlun um aðgerðir til að efla **gagnkvæman málskilning norðurlandabjóða**. Veigamikill þáttur áætlunarinnar lýtur að aðgerðum á sviði skólamála, einkum í sambandi við kennaramenntun og námsgögn.

Árið 1981 hófst námskeiðshald fyrir fólk sem starfar að þjálfun barna og fullorðinna er skortir bæði heyrn og sjón. Er hér um að ræða þriggja ára reynslustarfsemi. Fulltrúi Íslands í stjórnarnefnd námskeiðanna er Margrét Sigurðardóttir, blindrakennari.

- 1.3 **Norrænt samstarf um fullorðinsfræðslu.** Víðast hvar á Norðurlöndum hefur á undanförmum árum verið lögð vaxandi áhersla á fullorðinsfræðslu í margvíslegum myndum. Hið norræna samstarf beinist m. a. að könnun á mismunandi starfsaðferðum á þessu fjölbreytilega sviði, svo og að gagnkvæmri upplýsingamiðlun. Unnið er eftir starfsáætlun sem kveður á um meginverkefni á hverjum tíma en sérstök „matsnefnd“ hefur umsjón með framkvæmdum. Ísland átti ekki aðild að nefndinni fyrir en 1981, en þá var Birna Bjarnadóttir, skólastjóri Bréfasólans, skipuð fulltrúi í matsnefndinni af íslenski hálfu.
- 1.4 **Norræna blaðamannanámskeiðið.** Norræna blaðamannanámskeiðið, sem hefur aðalstöðvar í Árósum, á að veita norrænum blaðamönnum kost á framhaldsmenntun. Kjarni starfseminnar er þriggja mánaða námskeið ár hvert, þar sem fjallað er bæði um norræn og almenn málefni. Síðan 1977 hafa jafnframt verið haldin styttri námskeið um sérstök viðfangsefni. Fulltrúi Íslands í stjórn Norræna blaðamannanámskeiðsins er Kári Jónasson, fréttamaður. Nokkrir íslenskir blaðamenn hafa sótt þriggja mánaða námskeiðið, en þátttaka af íslenski hálfu hefur þó lengst af verið dræm. Kann þar að valda nokkru um, að ördugt sé fyrir dagblöð og aðra fjölmiðla að veita starfsmönnum sínum leyfi frá störfum svo langan tíma án launaskerðingar, en segja má að það sé í raun forsenda þátttöku.
- 1.5 **Norræn stofnun um skipulagsfræði (NORDPLAN).** Stofnun þessi hefur aðsetur í Stokkhólmi. Nýjar reglur um stöðu hennar og starfsemi voru settar á árinu 1981. Hlutverk hennar er að veita framhaldsmenntun fyrir þá sem starfa að skipulagsmálum og áætlanagerð, svo og að stunda og efla vísindarannsóknir á því sviði. Nokkrir Íslendingar hafa stundað nám á vegum stofnunarinnar. Fulltrúi Íslands í stjórn hennar er Björn S. Stefánsson, lic. agric.
- 1.6 **Norræn mála- og upplýsingamiðstöð.** Stofnun þessi er í Helsingfors og tók til starfa árið 1980. Hlutverk hennar er einkum að efla fræðslu í Finnlandi um tungumál og menningu annarra norðurlandþjóða og stuðla að þekkingu á finnsku máli og menningu annars staðar á Norðurlöndum. Fulltrúi Íslands í stjórn stofnunarinnar er Erlingur Sigurðsson, sendikennari.
- 1.7 **Norræni búsýsluháskólinn.** Undir nafni Norræna búsýsluháskólans fer fram kennsla á þremur námsbrautum sem tengjast hver sínum háskóla á Norðurlöndum: Veftafræðibraut (textillinje) við Chalmers tækniháskólann í Gautaborg, næringarfræðibraut (næringslinje) við Óslóarháskóla og sjúkrafæðisbraut (linje för näringsterapi) við Gautaborgarháskóla. Einungis síðasttalda námsbrautin er kostuð af samnorrænu fé. Stofnun hennar var staðfest af ráðherra-nefndinni árið 1981 á grundvelli nokkurra ára reynslustarfsemi. Fulltrúi Íslands í stjórn Norræna búsýsluháskólans er Elsa Guðjónsson, safnvörður.
- 1.8 **Norræna læknakennslusambandið — styrkur.** Norræna læknakennslusambandið er samstarfsvettvangur læknadeilda, læknanema- og læknasamtaka og stjórnvaldsaðila og er markmið sambandsins að stuðla að eflingu læknisfræðimenntunar á Norðurlöndum. Sambandið gengst m. a. fyrir sérfræðiráðstefnum og námskeiðum um ýmsa þætti læknakennslu. Fjölmenntaráðstefna á vegum sambandsins var haldin á Akureyri árið 1978.

- 1.9 **Norræn námskeið — framlög.** Hér er um að ræða ýmis sérhæfð námskeið fyrir háskólanema, svo og framhalds- og endurmenntunarnámskeið fyrir tiltekna hópa kennara o. fl. Flest eru námskeiðin haldin með reglulegu millibili, árlega eða annað hvert ár. Meðal þessara námskeiða eru námskeið fyrir háskólanema í sagnfræði og í norrænum málum og bókmenntum. Námskeið í íslenskri tungu og bókmenntum fyrir norræna stúdenta er haldið við Háskóla Íslands annað hvert sumar. Meðal annarra námskeiða má nefna framhaldsmenntunarnámskeið fyrir viðgerðarmenn safnmuna (forverði) og endurmenntunarnámskeið fyrir íþróttakennara.

II. Vísindamál.

- 2.1 **Norræna sjávarlíffræðinefndin.** Nefndinni er ætlað að stuðla að eflingu norræns samstarfs á sviði sjávarlíffræði. Hún gengst fyrir námskeiðum og ráðstefnum og úthlutar styrkjum til námsdvalar við norrænar rannsóknastöðvar. Íslendingar urðu aðilar að nefndinni 1981, og eru það Líffræðistofnun Háskólans og Haf-rannsóknastofnunin sem taka þátt í samstarfinu af íslenskri hálfu. Fulltrúar Íslands í nefndinni eru Jón Baldur Sigurðsson, lektor, og Jón Jónsson, forstjóri.
- 2.2 **Atómvísindastofnun Norðurlanda (NORDITA).** Stofnunin er í Kaupmannahöfn og hefur starfað síðan 1957. Hún vinnur að grundvallarrannsóknum í ýmsum greinum fræðilegra atómvísinda (kjarnedlisfræði, öreindaeðlisfræði, eðlisfræði fastra efna og stjarnedlisfræði) og á að stuðla að samstarfi norrænna rannsóknastofnana á þessu sviði. Við NORDITA eru allmargar styrkþegastöður veittar til eins árs í senn en að jafnaði ekki lengur en til tveggja ára. Hafa nokkrir Íslendingar verið styrkþegar hjá stofnuninni. Fulltrúi Íslands í stjórn NORDITA og formaður hennar um þessar mundir er Magnús Magnússon, prófessor.
- 2.3 **Þjóðfræðastofnun Norðurlanda.** Stofnun þessari var komið á fót 1959 og er hlutverk hennar að stuðla að norrænu samstarfi á sviði þjóðsagna-, þjóðkvæða- og þjóðháttarannsókna. Íslendingar gerðust aðilar að starfi stofnunarinnar árið 1975. Fulltrúi Íslands í stjórn hennar er Hallfreður Örn Eiríksson, cand. mag. Í tengslum við fund stjórnarinnar í Reykjavík sumarið 1980 var haldin ráðstefna um stöðu þjóðfræða og þjóðfræðirannsókna á Norðurlöndum.
- 2.4 **Sjóréttarstofnun Norðurlanda.** Stofnun þessi starfar sem háskólastofnun við Óslóarháskóla. Hún veitir styrki til námsdvalar og heldur námskeið um sjóréttarmálefni fyrir háskólakennara, lögmennt og dómara. Íslendingar hafa ekki gerst aðilar að stjórn stofnunarinnar.
- 2.5 **Norrænar jarðfræðinámsferðir til Íslands.** Til námsferða þessara var stofnað árið 1965 og er þeim ætlað að gefa norrænum vísindamönnum og háskólanemum kost á að kynna ýmsum jarðfræðilegum fyrirbærum á Íslandi. Um 25 þátttakendur komast í ferðina ár hvert, og tekur hún að jafnaði hálfan mánuð. Aðalstjórnandi námsferðanna héraðs hefur frá öndverðu verið dr. Sigurður Þórarinnsson, prófessor, og á hann jafnframt sæti í norrænni stjórn námsferðanna af íslenskri hálfu ásamt dr. Þorleifi Einarssyni, prófessor. Starfsemi þessi hefur þótt takast mjög vel. Fyrir tveimur árum voru af fjárveitingaástandum uppi áform um að draga úr starfseminni, þannig að í stað árlegra námsferða yrði efnt til ferðar annað hvert ár, og samkvæmt því var engin ferð skipulögð árið 1981. Með staðfestingu nýrra reglna um starfsemina sem settar voru á því ári var hins vegar horfið frá þessari breytingu, og er nú að nýju gert ráð fyrir árlegum ferðum. Hin síðari ár hefur verið

- ætlast til að af þessari fjárveitingu væri einnig unnt að verja nokkru fé til að styrkja námsferðir íslenskra háskólanema og vísindamanna í jarðfræði til Norðurlanda.
- 2.6 **Norræna vistfræðinefndin.** Nefndinni er ætlað að beita sér fyrir norrænu samstarfi og tengslum á sviði rannsókna og háskólamenntunar í vistfræðigreinum, m. a. með ráðstefnum, námskeiðum og styrkjum til námsdvalar. Fulltrúi Íslands í nefndinni er dr. Agnar Ingólfsson, prófessor.
 - 2.7 **Norræn stofnun um Asíufræði (CINA).** Stofnun þessi er í Kaupmannahöfn og er ætlað að stuðla að tengslum og samstarfi vísindamanna og stofnana á Norðurlöndum sem vinna að rannsóknum á menningu og samfélagsaðstæðum asiubjóða. Íslendingar hafa ekki gerst aðilar að stjórn stofnunarinnar.
 - 2.8 **Norræna hafeðlisfræðinefndin.** Nefndinni er ætlað að stuðla að samstarfi um rannsóknir og menntun í hafeðlisfræði milli háskóla á Norðurlöndum. Íslendingar eiga ekki aðild að nefndinni, en gera má ráð fyrir að aðild komi til athugunar í sambandi við fyrirhugaða endurskoðun á starfsreglum hennar.
 - 2.9 **Norræn samstarfsnefnd um heilbrigðisrannsóknir á norðurslóðum.** Samstarfsnefnd þessi var sett á stofn 1969 en Íslendingar gerðust aðilar að henni árið 1977. Hlutverk nefndarinnar er að stuðla að eflingu læknisfræðilegra rannsókna sem tengjast aðstæðum á norðlægum slóðum (arktísk medicín). Nefndin hélt vísindaráðstefnu hér á landi árið 1979. Fulltrúi Íslands í nefndinni er dr. Jóhann Axelsson, prófessor.
 - 2.10 **Norræn samstarfsnefnd um rannsóknir á sviði alþjóðamála.** Þessi samstarfsnefnd var sett á laggirnar 1966. Henni er ætlað að stuðla að samvinnu til eflingar norrænum rannsóknum á sviði alþjóðastjórn mála, þ. á m. um milliríkjadætur og friðarmálefni. Nefndin veitir m. a. styrki til rannsóknaverkefna, námsdvalar og ráðstefnuhalds, kostar útgáfu vísindatímarits og gefur út fréttablað. Fulltrúi Íslands í nefndinni hefur verið Hans G. Andersen, sendiherra.
 - 2.11 **Norræn samstarfsnefnd um vísindalegar upplýsingar (NORDINFO).** Stofnun þessi tók til starfa 1977 og leysti af hólmi tvær samstarfsnefndir sem áður höfðu starfað. Skrifstofa hennar er í Finnlandi. Hlutverk NORDINFO er að stuðla að hagkvæmri upplýsingaþjónustu og gagnamiðlun á sviði vísinda og tækni, þ. á m. samstarfi milli vísindabókasafna og tölvuvæðra gagnamiðstöðva. Fulltrúar Íslands í NORDINFO eru Einar Sigurðsson, háskólabókavörður, og Jón Erlendsson, forstöðumaður upplýsingaþjónustu Rannsóknaráðs ríkisins.
 - 2.12.1 **Norræn vísindanámskeið.** Á 7. áratugnum var stofnað til norrænna sumarnámskeiða fyrir unga vísindamenn. Námskeiðin fjalla um ýmis sérhæfð svið, og er tilgangur þeirra að koma við samnýtingu þar sem sérstök þekking, tækjabúnaður eða önnur aðstaða kann að vera fyrir hendi, jafnframt því sem auðveldara getur verið með slíkri samvinnu að ráða sérlega hæfa leiðbeinendur erlendis frá. Haldin hafa verið 17—22 námskeið ár hvert, og þykir þessi samvinna hafa gefist vel. Fimm námskeið hafa verið haldin hér á landi, hið síðasta um máltölvun sumarið 1981 við Háskóla Íslands, undir stjórn Baldurs Jónssonar, dósents. Áætlað er, að alls hafi um 150 Íslendingar sótt námskeið annars staðar á Norðurlöndum. Fulltrúi Íslands í stjórn Norrænu sumarnámskeiðanna og formaður hennar um þessar mundir er Örn Helgason, dósent.
 - 2.12.2 **Norrænir vísindastyrkir.** Árið 1979 ákvað ráðherranefndin að stofna í reynslu skyni til styrkja handa vísindanemum og starfandi vísindamönnum sem hafa hug á að dveljast um skeið við nám eða rannsóknir við norræna rannsóknastofnun utan heimalands. Styrkirnir eru að jafnaði miðaðir við að nægja fyrir ferða- og dvalarkostnaði. Reynslutímabil styrkjanna stendur til loka þessa árs og verður

árangurinn nú metinn. Lítinn vafa má þó telja á að starfseminni verði haldið áfram, enda hefur eftirspurn reynst mun meiri en unnt hefur verið að sinni. Stofnun þessa styrkjakærfis var eindregið studd af íslenskri hálfu á sínum tíma, enda virðist augljóst að hér sé um að ræða tilhögun sem komið geti í góðar þarfi fyrir íslenska vísindamenn. Af tæplega 200 styrkjum sem veittir hafa verið til þessa hafa um 15 runnið til Íslendinga. Úthlutun styrkjanna er falin stjórn Norrænu vísindanámskeiðanna.

- 2.12.3 **Norrænar vísindaráðstefnur — styrkir.** Samtímis vísindastyrkjunum sem fjallað var um hér að framan var í reynslu skyni stofnað til styrkja er veita má aðilum sem gangast fyrir norrænum vísindaráðstefnum. Styrkjum þessum er öðru fremur er ætlað að renna til ráðstefna eða vísindafunda sem haldnir eru með reglubundnum hætti og falla því ekki undir verksvið Menningarsjóð Norðurlanda samkvæmt starfsreglum hans. Stjórn Norrænu vísindanámskeiðanna annast einnig úthlutun þessara styrkja. Hingað til hafa 4 vísindaráðstefnur hér á landi verið styrktar af þessu fé. Fjárveitingin er mjög takmörkuð, samborið við eftirspurn.
- 2.13 **Norræna eldfjallastöðin.** Norræna eldfjallastöðin í Reykjavík tók til starfa haustið 1973. Húsnæði fyrir stofnunina var látið í té af íslenskri hálfu í jarðfræðahúsi Háskóla Íslands, þar sem Atvinnudeild háskólans var fyrrum til húsa, en tækjabúnaður og rekstrarkostnaður er greiddur af samnorrænu fé. Fastir starfsmenn eru nú 9 (þar af einn í hálfri stöðu), en auk þess eru við stofnunina styrkþegastöður sem nema 5 ársstöðugildum. Forstjóri hefur frá öndverðu verið dr. Guðmundur E. Sigvaldason. Nán samvinna er milli Norrænu eldfjallastöðvarinnar og Háskóla Íslands, einkum Raunvísindastofnunar Háskólans, m. a. um nýting tækja. Fjórir af átta stjórnarmönnum eru tilnefndir af íslenskri hálfu, þ. e. tveir af verkfræði- og raunvísindadeild (dr. Sigurður Þórarinnsson og dr. Stefán Arnórsson), einn af Orkustofnun (dr. Guðmundur Pálmason) og einn af menntamálaráðuneytinu (dr. Sveinn Jakobsson). Norræna eldfjallastöðin hefur þegar haslað sér völl á alþjóðlegum vettvangi með vísindastörfum sínum. Árið 1981 voru stofnuð samtök eldfjallarannsóknastöðva, og var dr. Guðmundur E. Sigvaldason kjörinn fyrsti formaður þeirra. Norræna eldfjallastöðin hefur eins og kunnugt er sinnt umfangsmiklum rannsóknnum á umbrotasvæðinu í Þingeyjarsýslu undanfarin ár, í samvinnu við aðrar stofnanir hér á landi. Vegna kostnaðar við þessar rannsóknir, sem að nokkru hafa verið í þágu öryggisgæslu, hefur eldfjallastöðin fengið nokkur fjárframlög af íslenskri hálfu sem aukafjárveitingu. Nema þau samtals sem svarar 270 000 kr. vegna kostnaðar árin 1980 og 1981. Fjárhagur stofnunarinnar fór mjög versnandi á árinu 1981, m. a. vegna þess að kostnaðarhækkanir reyndust mun meiri en miðað var við í fjárlagagerð. Við undirbúning norrænu menningarfjárlaganna fyrir árið 1983 hefur verið gert ráð fyrir 150 þús. d. kr. hækkun rekstrarfjárveitingar umfram áætlaðar verðhækkanir, en sýnilegt er að stofnuninni verður áfram þröngur fjárhagsstakkur skorinn, m. a. vegna rekstrarhalla frá síðasta ári.
- 2.14 **Norræn samstarfsnefnd um hraðaltengdar rannsóknir.** Samstarfsnefnd þessi, sem stofnuð var 1974, hefur það hlutverk að stuðla að samstarfi þeirra aðila á Norðurlöndum sem nota þurfa svonefndan hraðal (accelerator) við tilraunir á sviði kjarnfræðarannsókna. Er hér um að ræða viðleitni til að nýta kosti norrænnar samvinnu í sambandi við aðgang að mjög dýrum tækjabúnaði. Íslendingar hafa ekki gerst aðilar að nefndinni.

- 2.15 **Norræn gagnamiðstöð fyrir fjölmiðlarannsóknir (NORDICOM).** Samstarfsnefnd sem sett var á stofn 1978/79, að loknu nokkurra ára undirbúningsstarfi, er ætlað að hlutast til um söfnun og miðlun upplýsinga um norrænar fjölmiðlarannsóknir og efla tengsl milli þeirra sem að slíkum rannsóknum vinna. Fulltrúi Íslands í samstarfsnefndinni er Þorbjörn Broddason, dósent.
- 2.16 **Norræna málstöðin.** Norræna málstöðin tók til starfa 1978 og hefur aðsetur í Ósló. Henni er ætlað að vera samstarfsvettvangur málnefnda og hliðstæðra aðila á Norðurlöndum, stuðla að varðveislu og eflingu hins norræna málsamfélags og að gagnkvæmum málskilningi norðurlandþjóða. Málstöðin vinnur m. a. að uppbyggingu gagnamiðstöðvar fyrir norræn málvísindi. Fulltrúi Íslands í stjórn Norrænu málstöðvarinnar er Baldur Jónsson, dósent formaður Íslenskrar málnefndar.
- 2.17 **Norrænt vísindamálaráð.** Á fundi forsætisráðherra Norðurlanda haustið 1978 var samþykkt ályktun þar sem því var beint til Ráðherranefndar Norðurlanda (menntamálaráðherranna og samstarfsráðherranna) að hlutast til um aukið norrænt vísindasamstarf, bæði á sviði undirstöðurannsókna og hagnýtra rannsókna. Vorið 1979 komu embættismannanefnd um norrænt menningarmálasamstarf og staðgenglanefnd samstarfsráðherranna í sameiningu á fót starfshópi sem snemma árs 1981 lagði fram skýrslu eða álitsgerð um aukið samstarf Norðurlandþjóða á sviði vísindarannsókna („Ókat nordiskt forskningssamarbete“). Í skýrslunni var m. a. lýst nokkrum mismunandi kostum um leiðir til að styrkja og bæta skipulag norræns vísindasamstarfs. Af hálfu starfshópsins var aðallega mælt með þeirri leið sem fól í sér stofnun norræns vísindamálaráðs er hefði það hlutverk annars vegar að vera Ráðherranefnd Norðurlanda til ráðuneytis um mál sem varða vísindastefnu, svo og um forgangsröðun verkefna, en hins vegar að beita sér fyrir norrænu samstarfi um vísindarannsóknir og stuðla að samhæfingu þess, án þess að hafa sjálft með höndum styrkveitingar til einstakra verkefna. Ráðherranefndin ákvað, að skýrslan skyldi send til umsagnar ýmsum aðilum sem hlut eiga að máli og jafnframt, að stefnt skyldi að því að leggja beinar tillögur fyrir þing Norðurlandaráðs 1982. Um leið lýsti ráðherranefndin áhuga á hugmyndinni um stofnun norræns vísindamálaráðs. Embættismannanefnd menntamálaráðherranna var heimilað að setja ásamt staðgenglanefnd samstarfsráðherranna á fót „stýrinefnd“ til að undirbúa frekari meðferð málsins af hendi ráðherranefndarinnar.

Á grundvelli draga frá stýrinefndinni ákvað ráðherranefndin (menntamálaráðherrarnir) í árslok 1981 að leggja fyrir Norðurlandaráð til umsagnar tillögu sem laut að því að setja á stofn norrænt vísindamálaráð af því tæi sem lýst er hér að framan. Ráðinu er ætlað að láta til sín taka hvers konar vísindastarfsemi sem kostuð er af opinberu fé og beita sér fyrir samnýtingu fjármuna með auknu norrænu samstarfi á þessu sviði. Sérstök áhersla er lögð á að ráðið vinni að betri tengslum milli svonefndra undirstöðurannsókna og hagnýtra rannsókna, svo og að samstarfi um menntun vísindamanna. Lagt er til, að í ráðinu eigi sæti 15 menn, 3 frá hverju landi, skipaðir af ráðherranefndinni til þriggja ára í senn. Skrifstofuaðstaða fyrir ráðið verði í Norrænu menningarmálaskrifstofunni í Kaupmannahöfn sem verði eflað til að sinna því verkefni. Árlegur kostnaður við starfsemi ráðsins er áætlaður 3 millj. norskra króna þegar uppbyggingarskeiði er lokið. Er þá gert ráð fyrir, að vísindamálaráðið hafi nokkurt fé til umráða til að kosta undirbúning rannsóknasamstarfs að verkefnum sem að öðru leyti eru fjármögnuð með venjulegum hætti af hálfu hlutadeigandi þjóða.

Tillaga þessi kom til meðferðar á þingi Norðurlandaráðs í mars s. l. í Helsingfors. Hlaut hún stuðning menningarmálanefndar ráðsins, og í ályktun ráðsins um málið var mælt með framkvæmd tillögunnar.

Á fundi Ráðherranefndar Norðurlanda (menntamálaráðherranna og samstarfsráðherranna) 24. mars 1982 í Ósló var síðan tekin formleg ákvörðun um að setja á stofn norrænt vísindamálaráð í samræmi við framangreinda tillögu. Embættismannanefndum samstarfsráðherranna og menntamálaráðherranna var falið að undirbúa í samvinnu við skrifstofur ráðherranefndarinnar tillögur að starfsreglum og aðrar ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að vísindamálaráðið geti tekið til starfa í ársbyrjun 1983. Gert er ráð fyrir að menntamálaráðherrarnir og samstarfsráðherrarnir setji í sameiningu stefnumið fyrir starfsemi ráðsins og að fulltrúar í ráðinu verði skipaðir af menntamálaráðherrunum í samráði við samstarfsráðherrana. Fé til starfsemi ráðsins skal veita í norrænu menningarfjárlögunum. Rætt hefur verið um að með tilkomu vísindamálaráðs verði Ráðgjafarnefnd um vísindamálefni lögð niður, þar sem ráðið tekur m. a. við hlutverki hennar.

Við undirbúning þessa máls var af íslenskri hálfu lýst talsverðum efasemdum um að stofnun vísindamálaráðs eins og hér um ræðir væri vænlegasta leiðin til að efla norrænt vísindasamstarf með raunhæfum hætti. Bent var á, að norrænn vísindasjóður hlyti frá íslensku sjónarmiði að teljast áhugaverðastur þeirra skipulagskosta sem til umræðu hefðu verið í sambandi við aukna rannsóknasamvinnu og jafnframt álitamál hvort fyrirhugað vísindamálaráð væri líklegra til að greiða fyrir æskilegri samvirkjun rannsóknafjár en þær samstarfsstofnanir sem fyrir eru. Jafnframt var þó tekið fram, að ekki væri af íslenskri hálfu talin ástæða til að standa í vegi fyrir framgangi tillagnanna eða skerast úr leik ef af framkvæmd yrði.

- 2.18 **Norræni sumarháskólinn — styrkur.** Norræni sumarháskólinn sem starfað hefur síðan 1950 er skipulagður sem frjáls samtök kennara og nemenda við háskóla á Norðurlöndum. Á vetrum fjalla starfshópar á hinum einstöku háskólastöðum um ákveðin viðfangsefni en niðurstöður eru síðan teknar til meðferðar á fjölmennu sumarmóti sem stendur í 8—10 daga. Sumarmót var síðast haldið á Íslandi árið 1978.
- 2.19 **Norrænt félag um rannsóknir á málefnum rómönsku Ameríku — styrkur.** Samtök þessi vinna að tengslum milli norrænna fræðimanna og rannsóknastofnana sem fást við rannsóknir á málefnum rómönsku Ameríku. Starfsemi þeirra er m. a. fólgin í ráðstefnuhaldi og tímaritsútgáfu.

III. Almenn menningarmál.

3.1 Norræna húsið í Reykjavík.

Á þessu ári eru fjórtán ár liðin síðan Norræna húsið var vígt og starfsemi hófst í húsinu. Samkvæmt reglum um stofnunina er henni ætlað að kynna Íslendingum menningarlíf, þjóðfélagsmál og atvinnulíf annars staðar á Norðurlöndum og jafnframt að miðla íslenskum menningarstraumum til annarra Norðurlandabjóða. Óhætt mun að fullyrða, að tekist hafi að rækja fyrri meginþáttinn í hlutverki stöðunarinnar eins vel og vonir stóðu framast til. Reynt hefur einnig verið að sinna síðara þættinum eftir föngum, ekki síst á síðustu árum, en fjárskortur hefur torveldað umfangsmikla starfsemi á þeim vettvangi.

Fastir starfsmenn Norræna hússins auk forstjórans, Ann Sandelin, eru nú sex talsins, þar af tveir í hálfu starfi. Í stjórn hússins eiga sæti sjö menn, og eru

Þrjú þeirra tilnefndir af íslenskum aðilum sem hér segir: Einn af Háskóla Íslands (Guðlaugur Þorvaldsson, sáttasemjari ríkisins, sem jafnframt gegnir nú for-
mennsku í stjórninni), einn af Norræna félaginu (dr. Sigurður Þórarinnsson) og
einn af menntamálaráðuneytinu (Sigurður Blöndal, skógræktarstjóri).
Snemma á árinu 1981 varð ljóst, að Norræna húsið átti við mikla fjárhagsörð-
ugleika að etja. Verðhækkningar umfram áætlun við fjárlagagerð höfðu rýrt
rekstrarfjárveitingar, jafna þurfti rekstrarhalla frá tveimur síðustu árum og
kostnaðarsamar viðhaldsframkvæmdir voru á döfinni. Ráðherranefnd Norður-
landa samþykkti 400 þús. d.kr. aukafjárveitingu til hússins fyrir árið 1981 og
200 þús. d. kr. fyrir árið 1982. Fyrirgreiðsla var einnig veitt af hálfu íslenskra
stjórnvalda, m. a. sérstök fjárveiting að fjárhæð 300 þús. kr. Með þessum hætti
og með ströngum aðhaldsráðstöfunum af hálfu forráðamanna stofnunarinnar
hefur tekist að tryggja lágmarksdagskrárstarfsemi á þessu ári. Við undirbúning
norrænu menningarfjárlaganna fyrir árið 1983 hefur verið gert ráð fyrir 250 þús.
d. kr. hækkun rekstrarfjárveitingar til Norræna hússins umfram áætlaðar verð-
hækkningar. Ljóst er þó, að mjög ördugt verður um vik, að óbreyttu, að halda uppi
viðunandi dagskrárstarfsemi á næsta ári.

3.2 **Norrænt leiklistarsamstarf.**

Fé því sem veitt er í norrænu menningarfjárlögunum til leiklistarsamstarfs er
skipt milli tveggja aðalviðfangsefna. Annars vegar er framlag til gestaleikja og til
framhaldsmenntunar leikhússtarfsmanna en hins vegar styrkur til samstarfs
áhugaleikara. Ráðstöfun fjárveitingarinnar til gestaleikja og framhaldsmennt-
unar er í höndum sérstakrar nefndar, Norrænu leiklistarnefndarinnar. Rúmlega
helmingi fjárveitingarinnar er varið til að styrkja gestaleikjasamskipti milli leik-
húsa á Norðurlöndum. Árið 1981 voru veittir tveir styrkir til íslenskra gesta-
leikja á Norðurlöndum og Leiklistarskóli Íslands hlaut styrk til að fá til starfa um
skeið finnskan leikstjóra og leiðbeinanda. Menntunarstarfsemin er með þeim
hætti að haldin eru ár hvert sérhæfð námskeið fyrir tiltekna hópa leikhússtarfs-
manna. Allmargir Íslendingar hafa sótt slík námskeið á undanförunum árum, en
erfileikum veldur, að norræna fjárveitingin hefur ekki miðast við að unnt væri að
veita einstökum þátttakendum ferðastyrki. Fulltrúi Íslands í Norrænu leiklistar-
nefndinni er nú Pétur Einarsson, skólustjóri Leiklistarskóla Íslands.
Styrkurinn til samstarfs áhugaleikara rennur til Norræna áhugaleikararáðsins,
sem er samtök áhugaleikfélaga á Norðurlöndum. Ráðgjafarnefndin um almenn
menningarmál hefur lagt til að framlagið til þessa samstarfs verði hækkað til
muna, en það hefur ekki reynst unnt að svo komnu vegna hinnar ströngu að-
haldsstefnu sem fylgt hefur verið í fjárlagagerð. Eitt íslenskt leikfélag áhuga-
manna hlaut styrk af þessari fjárveitingu árið 1981 til gestaleiks í Danmörku, og
sænskt áhugaleikfélag var styrkt til Íslandsferðar.

3.3 **Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs.**

Til bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs var stofnað árið 1961 og hafa þau
verið veitt árlega síðan 1962. Verðlaunin námu í öndverðu 50 þús. d. kr.. en hafa
nú um skeið numið 75 þús. d. kr. Tveir íslenskir rithöfundar hafa sem kunnugt er
hlotið bókmenntaverðlaunin, báðir fyrir ljóðabækur, þeir Ólafur Jóh. Sigurðs-
son árið 1976 og Snorri Hjartarson 1981. Bækur ritaðar á íslensku og finnsku
sem tilnefndar eru til keppni um verðlaunin eru þýddar á annað norðurlandamál
í sambandi við starf dómsnefndar, en jafnan eru tilnefndar tvær bækur á ári frá
hverju landi. Hafa þessar þýðingar oft stuðlað að útgáfu viðkomandi bóka á
Norðurlöndum.

Fulltrúar Íslands í dómnefnd um bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs (frá 1. mars 1982 að telja) eru Heimir Pálsson, skólameistari, og Jóhann Hjálmarsson, rithöfundur, en varamaður er Sveinn Skorri Höskuldsson, prófessor.

3.4 Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs.

Til tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs var stofnað árið 1965, og hafa þau verið veitt annað hvert ár síðan 1968. Verðlaunin eru veitt fyrir tónverk og nema 75 þús. d. kr. eins og bókmenntaverðlaunin. Einn Íslendingur hefur hlotið tónlistarverðlaunin, Atli Heimir Sveinsson, tónskáld, árið 1976. Fulltrúar Íslands í dómnefnd um tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs hafa verið Árni Kristjánsson, píanóleikari, og Páll Kr. Pálsson, organleikari, en varamaður Ragnar Björnsson, tónlistarmaður.

3.5 Norrænt tónlistarsamstarf — NOMUS.

Samkvæmt reglum sem ráðherranefndin staðfesti árið 1980 er Nefnd um norrænt tónlistarsamstarf, NOMUS, skipuð tveimur fulltrúum frá hverju Norðurlandríki. Hlutverk hennar er að stuðla að eflingu og kynningu norræns tónlistarlífs og norrænna samskipta á sviði tónlistar. Norrænu nefndinni er ætlað að vera tengiliður milli aðila sem um þessi mál fjalla í hverju landi. NOMUS-nefndin ráðstafar því fé sem veitt er í norrænu menningarfjárlögunum til tónlistarsamstarfs. Er því m. a. varið til að styrkja tónleikaferðir milli Norðurlanda, tónlistarmót ýmiss konar og til að greiða fyrir samningu norrænna tónverka sem pöntuð eru til flutnings. NOMUS-nefndirnar í hverju landi fá að jafnaði minni háttar framlag til eigin ráðstöfunar í sambandi við norræn tónlistarsamskipti. Fulltrúar Íslands í NOMUS eru Árni Kristjánsson, píanóleikari, og Þorkell Sigurbjörnsson, tónskáld.

3.6 Norræn Samastofnun.

Norræn Samastofnun var sett á stofn 1973 og hefur aðsetur í Kautokeino á Finnmörk í Noregi. Stofnuninni er ætlað að vinna að bættri stöðu Sama, bæði í félagslegu, menningarlegu og efnahagslegu tilliti. Fulltrúi Íslands í stjórn stofnunarinnar er Haraldur Ólafsson, dósent.

3.7 Norrænt samstarf á sviði almannasamtaka.

Undir þennan lið falla þrjú styrkjakerfi, þ. e. styrkir til norræns æskulýðssamstarfs, styrkur til norræns samstarfs alþýðufræðslusamtaka og styrkir til norræns íþróttasamstarfs.

3.7.1 Norrænt æskulýðssamstarf.

Árið 1973 var stofnað til styrkja til norrænna samskipta æskulýðssamtaka. Styrkjunum er úthlutað á grundvelli umsókna af sérstakri nefnd sem skipuð er tveimur fulltrúum frá hverju landi.

Fulltrúar Íslands í nefndinni eru Reynir G. Karlsson, deildarstjóri íþrótt- og æskulýðsmáladeildar menntamálaráðuneytisins, og Kristján Valdimarsson, framkvæmdastjóri.

Allmargir Íslendingar sóttu á árinu 1981 æskulýðsmót á Norðurlöndum sem styrkt voru af þessu fé.

3.7.2 Norrænt samstarf alþýðufræðslusamtaka.

Styrkjum til þessa samstarfs var komið á 1975. Úthlutun styrkja, á grundvelli umsókna, er nú í höndum stjórnar Menningarsjóðs Norðurlanda að fengnum tillögum Ráðgjafarnefndar um almenn menningarmál. Menningar- og fræðslusamband alþýðu (MFA) hefur undanfarin ár notið styrkja af þessu fé til þátttöku í samstarfi við hliðstæð samtök annars staðar á Norðurlöndum.

3.7.3 Norrænt íþróttasamstarf.

Árið 1979 samþykkti ráðherranefndin (menntamálaráðherrarnir) að stofna til sérstakra styrkveitinga í því skyni að stuðla að þátttöku Íslendinga, Færeyinga og Grænlandinga í norrænum íþróttasamskiptum. Í fyrstu var um að ræða starfsemi til reynslu, og var hún kostuð af ráðstöfunarfé ráðherranefndarinnar. Framlag til styrkjanna var ákveðið 100 þús. d. kr. 1979 og 250 þús. d. kr. 1980. Í menningarfjárlögin fyrir 1981 var tekin sérstök fjárveiting í þessu skyni, 300 þús. d. kr. og í fjárlögunum 1982 nemur hún 330 þús. d. kr. Haustið 1981 staðfesti ráðherranefndin reglur um styrkina. Er þar gert ráð fyrir að styrkjakerfið taki einnig til Svalbarða. Úthlutun styrkjanna fer fram á grundvelli umsókna, og annast stjórn Menningarsjóðs Norðurlanda úthlutunina að fengnum tillögum íþróttasambandanna í viðkomandi löndum. Samkvæmt úthlutun fyrir árið 1982 koma 45% af styrkfjárhæðinni, samtals um 148 500 d. kr., í hlut íslenskra íþróttasamtaka, 14% í hlut Færeyinga og 7²/₃% í hlut Grænlandinga en 33¹/₃% er varið til að styrkja íþróttafólk frá Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð til þátttöku í íþróttamótum á Íslandi, Grænlandi og í Færeyjum.

Af íslenskri hálfu hefur verið lögð mikil áhersla á að fjárveitingin til íþróttasamskipta yrði hækkuð. Menningarmálanefnd Norðurlandaráðs hefur einnig mælt eindregið með því, og hefur þá m. a. verið bent á að æskilegt væri að meira svigrúm gæfist til að styrkja íþróttastarf fatlaðra. Við undirbúning menningarfjárlaganna fyrir 1983 hefur verið gert ráð fyrir hækkun fjárveitingarinnar í 500 þús. d. kr. eða sem nemur um 140 þús. d. kr. umfram áætlaðar verðhækkanir.

3.8 Styrkir til þýðingar og útgáfu grannlandabókmennta.

Styrkjakerfi þetta, sem héraendis er oft nefnt „norræni þýðingasjóðurinn“, var sett á stofn árið 1975 og þá fyrst um sinn í reynslu skyni. Eftir úttekt á starfsemiinni var hún fest í sessi og endurskoðaðar reglur staðfestar 1981. Styrkirnir eru veittir útgefendum þýðdra norrænna bóka, á grundvelli umsókna, og miðast að jafnaði við þýðingarkostnað. Í reglum um styrkina er gert ráð fyrir, að um skipting styrkfjárins milli málsvæða sé höfð hliðsjón af eftirfarandi viðmiðunarhlutföllum:

Til útgáfu í Danmörku	17%
Til útgáfu á Grænlandi	6%
Til útgáfu í Færeyjum	9%
Til útgáfu í Finnlandi	19%
Til útgáfu á Íslandi	9%
Til útgáfu í Noregi	17%
Til útgáfu í Svíþjóð	17%
Til útgáfu á samísku	6%

Úthlutun styrkja annast sérstök nefnd, skipuð 9 mönnum, einum fulltrúa fyrir hvert málsvæði. Fulltrúi Íslands í úthlutunarnefndinni er Sveinn Skorri Höskuldsson, prófessor. Úthlutun fer fram tvisvar á ári, vor og haust. Árið 1981 var veittur styrkur til þýðingar og útgáfu á eftirtöldum íslenskum bókum:

1. Til útgáfu á dönsku:

Laurentius saga.

Haustskip, eftir Björn Th. Björnsson.

„Er nokkur í Kórónafötum hér inni?“ eftir Einar Má Guðmundsson.

Ástarsaga úr fjöllunum, eftir Guðrúnu Helgadóttur.

Meira af Jóni Oddi og Jóni Bjarna, eftir sama höfund.

Heiðarvíga saga.

2. Til útgáfu á færeysku:
Hauströkkrið yfir mér, eftir Snorra Hjartarson.
3. Til útgáfu á norsku:
Hauströkkrið yfir mér, eftir Snorra Hjartarson.
Meira af Jóni Oddi og Jóni Bjarna, eftir Guðrúnu Helgadóttur.
4. Til útgáfu á sænsku:
Íslensk leikrit.
Ljóðaúrval eftir Matthías Johannessen.
Sama ár var íslenskum útgefendum veittur styrkur til þýðingar og útgáfu 12 bóka af öðrum norðurlandamálum.

3.9 Norræna listmiðstöðin.

Norræna listmiðstöðin tók til starfa árið 1978 og hefur aðsetur í Sveaborg við Helsingfors. Stofnuninni er ætlað að skipuleggja myndlistarsýningar og koma þeim á framfæri, veita upplýsingar og fræðslu um norræna myndlist og standa fyrir ráðstefnum og námskeiðum. Á árinu 1981 voru opnaðar í listmiðstöðinni fimm gistivinnustofur fyrir norræna myndlistarmenn. Vinnustofurnar eru látnar í té leigulaust um takmarkaðan tíma, og hafa tveir íslenskir myndlistarmenn þegar fengið þar aðstöðu. Á s. l. ári var Norrænu listmiðstöðinni veitt sérstakt aukaframlag af íslenskri hálfu, 30 þús. finnsk mörk (rúml. 48 þús. kr.), til kaupa á innanstokksmunum í gistivinnustofurnar.

Samkvæmt nýjum reglum um Norrænu listmiðstöðina er stjórn hennar skipuð tíu mönnum, og skulu a. m. k. fimm þeirra vera starfandi listamenn. Fulltrúar Íslands í stjórninni eru Jón Reykdal, myndlistarmaður, og Knútur Hallsson, skrifstofustjóri.

3.10 Norræn kvikmyndanámskeið — Dreifing norrænna kvikmynda.

Hér er um að ræða sérhæfð námskeið fyrir fólk sem starfar við kvikmyndagerð og sjónvarp. Námskeið þessi hófust með reglubundnum hætti 1978 að lokinni tilraunastarfsemi um nokkurra ára skeið. Haldin eru 1—2 námskeið ár hvert. Skipulagning og yfirumsjón námskeiðsstarfseminnar annast norræn stjórnarnefnd. Fulltrúi Íslands í nefndinni er Sigurður Sverrir Pálsson, kvikmyndagerðarmaður. Þrír Íslendingar sóttu námskeið á árunum 1980 og 1981.

Árið 1981 samþykkti ráðherranefndin, á grundvelli tillagna frá norrænum starfshópi, að verja tiltekinni fjárhæð til styrkveitinga sem eiga að stuðla að dreifingu norrænna kvikmynda á Norðurlöndum. Fyrirhuguð er tilraunastarfsemi á þessu sviði fram til 1985, og árið 1981 nam framlagið 500 þús. d. kr. Heimilt er að verja hluta fjárens til kynningar og dreifingar á norrænum kvikmyndum utan Norðurlanda. Sérstök nefnd með einum fulltrúa frá hverju landi ákveður ráðstöfun styrkja að fengnum tillögum frá kvikmyndastofnunum landanna. Fulltrúi Íslands í nefndinni er Knútur Hallsson, skrifstofustjóri. Fyrsta úthlutun af þessu fé fór fram í desember 1981. Voru veittir tveir styrkir vegna sýninga á íslensku kvikmyndinni „Land og synir“ á Norðurlöndum og kvikmyndaklúbburinn Fjalakötturinn hlaut styrk til sýninga á finnskum kvikmyndum.

3.11 Norræna húsið í Færeyjum.

Bygging Norræna hússins í Þórshöfn í Færeyjum hófst haustið 1980 og verður væntanlega lokið um næstu áramót. Er ráðgert að starfsemi hefjist í húsinu á fyrra hluta árs 1983. Stofnuninni er ætlað að nokkru hliðstætt hlutverk því sem Norræna húsið í Reykjavík rækir en þó öllu viðameira að því er varðar að veita aðstöðu fyrir innlenda menningarstarfsemi. Þannig er t. d. gert ráð fyrir að leiksýningar og hljómsveitartónleikar fari fram í húsinu. Landssjóður Færeyja

stendur straum af rösklega 17% byggingarkostnaðar hússins (auk byggingarhæfrar lóðar og tollgjalda), en tæplega 83% eru greidd af samnorrænu fé. Heildarkostnaður við bygginguna (að frátöldum kostnaði við grunn) er áætlaður rúmlega 49 millj. d. kr., miðað við verðlag 1. september 1980. Framlög til húsbyggingarinnar eru ekki felld undir norrænu menningarfjárlögin heldur veitt sérstaklega á fjárlögum einstakra landa. (Hér á landi er framlagið þó innifalið í sama fjárlagalið og framlag Íslendinga til norrænu menningarfjárlaganna.) Rekstrarfjárveiting til starfsemi Norræna hússins í Færeyjum er hins vegar í menningarfjárlögum. Fjárveitingin í fjárlögum fyrir 1982 er til undirbúnings starfseminnar, en við undirbúning fjárlaga fyrir 1983 hefur verið miðað við um 10^{1/2} mánaðar starfsemi á því ári. Í nýstaðfestum reglum um stofnunina er gert ráð fyrir, að landssjóður Færeyja greiði 8% af árlegum rekstrarkostnaði samkvæmt fjárhagsáætlun en 92% greiðast af samnorrænu fé. Norræn stjórnarnefnd hefur umsjón með byggingarframkvæmdum og skipulagsundirbúningi fyrir starfsemi Norræna hússins í Færeyjum. Nefndinni hefur einnig verið falið að starfa sem stjórn hússins fram að vígslu þess. Fulltrúi Íslands í stjórnarnefndinni er dr. Kristján Eldjárn.

3.12. **Norræna listbandalagið — styrkur.**

Norræna listbandalagið er samstarfsvettvangur landsfélaga myndlistarmanna á Norðurlöndum. Bandalagið hafði áður með höndum skipulagning norrænna myndlistarsýninga, en það verkefni hefur nú færst á hendur Norrænu listmiðstöðvarinnar á Sveaborg. Styrkurinn til Norræna listbandalagsins er aðallega ætlaður til greiðslu kostnaðar við skrifstofu bandalagsins.

3.13 **Norræn rithöfundanámskeið — styrkur.**

Á Biskops Arnö skammt frá Stokkhólmi hafa um árabíl verið haldin sumarnámskeið fyrir norræna rithöfunda með atbeina Norræna félagsins og Norræna rithöfundasambandsins. Styrkir til þessa námskeiðshalds hafa verið veittir af samnorrænu fé undanfarinn áratug, fyrst úr Menningarsjóði Norðurlanda, síðan af ráðstöfunarfjárveitingu ráðherranefndarinnar og loks með sérstakri fjárveitingu í norrænu menningarfjárlögum. Fjárveiting var felld niður 1981 og þá gert ráð fyrir að námskeið yrði aðeins haldið annað hvert ár. Norðurlandaráð samþykkti þá hins vegar ályktun þar sem skorað var á ráðherranefndina að veita styrk til námskeiðanna árlega og eru nú horfur á að svo verði. Íslenskir rithöfundar hafa sótt námskeið á Biskops Arnö.

Loks skal dregið á nokkur verkefni sem á döfinni eru á sviði almennra menningarmála en kostuð af ráðstöfunarfé ráðherranefndarinnar og koma því ekki fram sem sérstakir liðir í menningarfjárlögum.

Unnið er að ýmsum samstarfsverkefnum sem varða **menningarumhverfi barna** í framhaldi af norrænni álitserð um þessi efni sem út kom árið 1978. Gefin hafa verið út rit um tiltekna þætti menningarstarfs fyrir börn og m. a. efnt til könnunar á áhrifum af tilkomu sjónvarps á börn í Færeyjum.

Ákveðið hefur verið að efna í tilrauna skyni til norrænna **námskeiða fyrir starfsmenn almenningsbókasafna**. Munu námskeiðin fjalla annars vegar um þátt almenningsbókasafna í kynningu og dreifingu norrænna bókmennta en hins vegar um ný verkefni og nýja tækni í bókasöfnum.

Hin öra þróun í **myndbandamálum** er ofarlega á baugi hvarvetna á Norðurlöndum. Í janúar s. l. var á vegum Norrænu menningarmálaskrifstofunnar haldin ráðstefna í Kaup-

mannahöfn þar sem fulltrúar frá Norðurlandaráðgjunum öllum báru saman bækur sínar um þessi efni. Af íslenskri hálfu sóttu ráðstefnuna Knútur Hallsson, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneytinu, og dr. Gaukur Jörundsson, prófessor, formaður höfundaréttarnefndar og myndbandanefndar.

Norræn menningarkynning í Bandaríkjunum.

Haustið 1982 verður efnt til víðtækrar kynningar í Bandaríkjunum á menningu norðurlandabjóða. Hefur undirbúningur þessarar kynningar, sem þar vestra nefnist „Scandinavia Today“, staðið á fjórða ár. Norðurlandaráðgjkin öll standa sameiginlega að kynningunni í samstarfi við aðila í Bandaríkjunum, m. a. American-Scandinavian Foundation. Ákveðið hefur verið að leggja fram af samnorrænu fé (ráðstöfunarfé ráðherranefndarinnar) allt að 6 millj. d. kr. gegn a. m. k. jafnháu framlagi af hálfu bandarískra stofnana. Boð um að stofnað yrði til kynningarinnar barst ríkisstjórnnum norðurlandaráðgjanna frá bandarískum aðilum, en nokkrar hliðstæðar „landakynningar“ höfðu áður farið fram þar í landi.

Norræna menningarmálaskrifstofan starfar að undirbúningi kynningarinnar af norrænni hálfu í nánu samstarfi við menntamála- og utanríkisráðuneyti landanna og fleiri aðila. Í samnorrænni stjórnarnefnd um undirbúning og skipulagningu eiga sæti af íslenskri hálfu Kristinn Hallsson, fulltrúi í menntamálaráðuneytinu, og Tómas Karlsson, sendiráðunautur, af hálfu utanríkisráðuneytisins. Menningarkynningin verður hafin með setningarathöfn í Washingtonborg 8. september n. k., í Minneapolis 11. september og í New York 13. september. Á öllum stöðunum mun forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, flytja setningarræðu af hálfu Norðurlanda.

Efnt verður til samnorrænna listsýninga, sem haldnar verða í ýmsum bandarískum borgum. Þessar sýningar eru:

1. Grafiksýningar í 5 borgum.
2. Veflistasýning í 5 borgum.
3. Sýning á samtímalist í 2 borgum.
4. Ljósmyndasýningar í 4 borgum.
5. Listiðnaðarsýning í 3 borgum.
6. Málverkasýning í 3 borgum.

Tónlistarflutningur verður veigamikill þáttur í kynningunni, m. a. munu um 15 hljómsveitir hafa norræna tónlist á efnisskrá sinni og 6 kórar munu flytja norræna tónlist víðs vegar um Bandaríkjin.

Fyrirlestrar verða haldnir um ýmis norræn málefni við um 15 háskóla og aðrar stofnanir.

Auk hinna sameiginlegu verkefna munu einstakar norðurlandabjóðir efna til ýmiss konar kynningar á landi og menningu á eigin vegum. Af íslenskri hálfu verður m. a. sýning á fornum handritum og bókum í New York, og Karlakórinn Fóstbræður mun halda um 15 tónleika með íslenskum kórlögum. Allmörgum íslenskum leikritum hefur verið komið á framfæri í enskri þýðingu við leikhús í Bandaríkjunum til kynningar.

Norrænt samstarf um dreifing sjónvarps- og hljóðvarpsefnis um gervitungl.

Um sjö ár eru nú liðin síðan farið var að kanna með skipulegum hætti möguleika á notkun gervitungla til að dreifa sjónvarps- og hljóðvarpsefni um Norðurlönd og gera þar með kleift að koma á auknu samstarfi norðurlandabjóða á þessu sviði eins og lengi hafði verið rætt um. Í byrjun árs 1981 stóð málið þannig, að lokið var víðtækri umsagnarmedferð skýrslu sem lögð var fram 1979, og höfðu skoðanir umsagnaraðila á „Nordsat“-hugmyndinni reynt mismunandi eins og vænta mátti. Ráðherranefnd Norðurlanda (menntamála- og samgönguráðherrarnir) höfðu sent Norðurlandaráði til umsagnar tillögu sem laut að frekari könnun tiltekinna þátta áður en endanleg afstaða yrði tekin. Á 29. þingi Norðurlandaráðs í

mars 1981 kom fram öflugur stuðningur við að haldið yrði áfram að vinna að málinu, og samþykkt var ályktun þar sem því var beint til ráðherra nefndarinnar að undirbúa ákveðna tillögu um aukið norrænt hljóðvarps- og sjónvarpssamstarf fyrir 30. þing ráðsins 1982. Ráðherra nefndin (menntamála-, samgöngu- og iðnaðarráðherrarnir) tók á fundi sínum 16. mars 1981 ákvörðun um markmið og tilhögun þeirrar framhaldsumfjöllunar er lokið skyldi fyrir áramótin 1981/82. M. a. var ákveðið að gerð skyldi frekari athugun á hinum iðnpólítísku þáttum. Yfirumsjón könnunarinnar var áfram í höndum staðgenglanefndar ráðherra nefndarinnar þar sem sæti áttu ráðuneytisstjórar hlutaeigandi ráðuneyta, en auk þess voru skipaðar sérstakar viðræðurnefndir í hverju landi. Í slíkri viðræðurnefnd af íslenskri hálfu áttu sæti Guðrún Hallgrímsdóttir, deildarstjóri í iðnaðarráðuneytinu, Pétur Guðfinnsson, framkvæmdastjóri, og Sigurður Þorkelsson, forstjóri.

Það hafði talsverð áhrif á umfjöllun málsins á síðasta ári, að Svíar höfðu skýrt frá áformum um að smíða í tilrauna skyni sérstakt gervitungl, s. k. Tele-X, til ýmiss konar fjarskiptanota, m. a. í þágu iðnaðar, og fram kom að áhugi væri á þátttöku í því tilraunastarfi af hálfu Finna og Norðmanna. Að nokkru í tengslum við þetta mál var í NORDSAT-umræðunum farið að huga meira en áður að iðnpólítískum atriðum, svo og að möguleikum á áfangaupbyggingu kerfisins.

Í nóvember 1981 samþykkti ráðherra nefndin að leggja fyrir Norðurlandaráð til umsagnar tillögu sem fól í sér að hafist yrði handa um fyrsta áfanga NORDSAT-samstarfs, svonefnt rannsóknastig, en að því loknu yrði tekin ákvörðun um hvort ráðist skyldi í framkvæmdir. Vegna þingkosninga sem í hönd fóru í Danmörku var ekki greitt atkvæði af danskri hálfu við afgreiðslu málsins í ráðherra nefndinni en gerður fyrirvari um afstöðu dönsku ríkisstjórnarinnar. Í febrúar tilkynnti síðan danska ríkisstjórnin að Danir hefðu ekki hug á þátttöku í fyrirhugaðri athugun, og var tillaga ráðherra nefndarinnar til Norðurlandaráðs þá afturkölluð.

Á þingi Norðurlandaráðs í marsþyrjun 1982 í Helsingfors urðu miklar umræður um málið, og að tillögu menningarmálanefndar ráðsins var samþykkt ályktun þar sem því var beint til ríkisstjórna Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar að hefja viðræður í því skyni að gera samning um áframhaldandi þróun útvarps- og fjarskiptasamstarfs er styddist við gervitunglakerfi. Skyldi Norðurlandaráði gerð grein fyrir framvindu málsins og hugsanleg ákvörðun um að hrinda í framkvæmd hljóðvarps-, sjónvarps- og fjarskiptasamstarfi með notkun gervitungla borin undir þing ráðsins.

Í framhaldi af þessum málalyktum á þingi Norðurlandaráðs samþykkti ráðherra nefndin (menntamála-, samgöngu- og iðnaðarráðherrarnir) á fundi sínum í Stokkhólmi 27. mars s. l. að hefja með þátttöku ríkisstjórna Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar rannsókn- og undirbúningsvinnu er geri kleift að taka að tveimur árum liðnum ákvörðun um hvort gerður skuli samningur milli þessara þjóða um uppbygging gervitunglakerfis í áföngum til dreifingar á hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrám og til annarrar fjarskiptaþjónustu sem kerfið kann að þykja hentugt til. Athuginin á að beinast að tæknilegum, fjárhagslegum, dagskrárlegum og lögfræðilegum atriðum, og er gert ráð fyrir að um framkvæmd hennar verði samstarf milli fjarskiptastofnana og útvarpsstofnana ríkjanna, ráðuneyta og annarra aðila eftir nánari ákvörðun í hverju landi. Kostnaðarrámmi er ákveðinn 55 millj. sænskra króna, miðað við verðlag 1982. Greiðsluhlutföll þátttökuríkjanna verða hliðstæð því sem gildir í öðru norrænu samstarfi, með breytingum sem stafa af því að Danir eru ekki aðilar að verkefninu. Af þeim sökum verður greiðsluhluti Íslands 1,2% í stað 0,9%. Þar sem ríkisstjórn Íslands hafði ekki lokið umfjöllun um málið var á fundi ráðherra nefndarinnar gerður fyrirvari af íslenskri hálfu þar til ákvörðun ríkisstjórnarinnar lægi fyrir. Á fundi sínum 6. apríl s. l. gerði ríkisstjórnin samþykkt sem felur í sér ákvörðun um þátttöku Íslendinga í athugininni. Samþykktin er á þessa leið:

„Með skírskotun til fyrri afstöðu ríkisstjórnarinnar og sérstakrar áskorunar síðasta þings Norðurlandaráðs samþykkir ríkisstjórnin að eiga aðild að því ásamt ríkisstjórnnum Finnlands, Noregs og Svíþjóðar að kanna skipulega næstu 2 ár hvort grundvöllur sé fyrir samstarfi um útvarps-, sjónvarps- og fjarskiptamál milli Norðurlanda.“

Samþykkt ráðherranefndar Norðurlanda frá 27. 3. 1982 í íslenskri þýðingu er birt sem fylgiskjal með skýrslu þessari.

Norrænt menningarsamstarf næstu árin.

Í ársbyrjun 1979 ákvað Ráðherranefnd Norðurlanda (menntamálaráðherrarinnir), með hliðsjón af umræðum í menningarmálanefnd Norðurlandaráðs, að láta gera úttekt á því samstarfi sem þróast hafði á grundvelli norræna menningarmálasamningsins frá gildistöku hans 1. janúar 1972. Til að vinna að þessari úttekt, sem fjalla skyldi bæði um skipulag samstarfsins og árangur með hliðsjón af markmiðum menningarmálasamningsins, var fenginn Gunnar Bergendal, rektor Kennaraháskólans í Málmey í Svíþjóð. Honum til aðstoðar var skipaður samráðshópur með einum fulltrúa frá hverju norðurlandaráði, auk fulltrúa frá Norrænu menningarmálaskrifstofunni í Kaupmannahöfn. Af Íslands hálfu átti sæti í samráðshópnum Svava Jakobsdóttir, þáv. alþingismaður. Gunnar Bergendal skilaði greinargerð sinni („Nordiskt kultursamarbete under 1970-talet — en värdering“) undir árslok 1979, og hefur hún verið kölluð Bergendal-skýrslan. Segja má, að niðurstaða skýrslunnar sé í meginatriðum jákvæð, en bent er á ýmis atriði til athugunar við mörkun framtíðarstefnu um áhersluþætti og framkvæmd.

Bergendal-skýrslan kom m. a. til umfjöllunar í menningarmálanefnd Norðurlandaráðs. Að tillögu nefndarinnar samþykkti Norðurlandaráð á 29. þingi 1981 yfirlýsingu þar sem talið var æskilegt að fyrir næsta þing ráðsins, 1982, yrði lögð tillaga um endurskoðun á stefnumiðum fyrir norrænt menningarsamstarf (frá 1974).

Í framhaldi af þeirri úttekt sem gerð er grein fyrir í Bergendal-skýrslunni ákvað ráðherranefndin (menntamálaráðherrarinnir) í febrúar 1981 að setja á fót starfshóp með einum fulltrúa frá hverju landi til að aðstoða Norrænu menningarskrifstofuna við undirbúning tillögu varðandi mótun norræns menningarsamstarfs á níunda áratugnum. Fulltrúi Íslands í starfshópnum var dr. Gylfi Þ. Gíslason, fyrrv. ráðherra.

Á grundvelli þessa starfs lagði síðan ráðherranefndin fyrir 30. þing Norðurlandaráðs 1982 sem tillögu til umsagnar greinargerð um norrænt menningarsamstarf á níunda áratugnum. Tekið var fram, að ekki væri um að ræða starfsáætlun í venjulegri merkingu, heldur hugleiðingar um megindrætti í samstarfinu frá tilkomu menningarmálasamningsins fyrir tíu árum og hvaða þættir væru líklegir til að móta þróun samstarfsins næsta áratuginn.

Menningarmálanefnd Norðurlandaráðs hyggst fjalla frekar um tillögu ráðherranefndarinnar áður en tekin verði afstaða til hennar af hálfu ráðsins.

Fylgiskjal.

Samþykkt Ráðherra nefndar Norðurlanda 27. mars 1982 um samstarf á sviði gervitunglaútvarps o. fl.

Ráðherra nefnd Norðurlanda bendir á, að ríkisstjórnir Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar eru sammála um að norræn dreifing á hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrám þjóðanna um gervitungl mundi leggja mikilsverðan skerf til eflingar norrænu menningarsamfélagi og auka möguleika þjóðernislegra og mállegra minnihlutahópa á að njóta menningar-efnis og upplýsinga á sínu eigin tungumáli.

Ráðherra nefndin bendir ennfremur á, að norræn dagskrárdreifing um gervitungl mundi einnig veita íbúum landanna kost á að velja úr umfangsmeira og fjölbættara dagskrárefni, svo og með aukinni samvinnu milli útvarpsstofnananna skapa skilyrði til dagskrárstarfsemi sem ekki er á færi herrar einstakrar þjóðar.

Ennfremur bendir ráðherra nefndin á, að Norðurlandaráð samþykkti á 30. þingi sínu 1982 ályktun þar sem því var beint til ríkisstjórna Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar að hefja viðræður í því skyni að gera samning um áframhaldandi þróun útvarps- og fjarskiptasamstarfs er styðjist við miðlun um gervitunglakerfi. Norðurlandaráð gerir ráð fyrir að unnið verði að þróun samstarfsins innan ramma Helsingfors-samningsins, að Norðurlandaráði verði gerð grein fyrir þessari þróun og að hugsanleg ákvörðun um að hrinda í framkvæmd hljóðvarps-, sjónvarps- og fjarskiptasamstarfi með notkun gervitungla verði borin undir þing Norðurlandaráðs.

Ríkisstjórn Danmerkur hefur tilkynnt, að hún hafi ekki í hyggju að taka þátt í undirbúningi að því að koma á norrænu gervitunglasamstarfi en að til greina komi undir vissum kringumstæðum að tekið verði til athugunar af danskri hálfu að ganga til samninga um hugsanlega þátttöku Dana í dagskrárstarfsemi.

Ráðherra nefndin samþykkir með hliðsjón af því sem nú var rakið að hefja með þátttöku ríkisstjórna Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar rannsóknavinnu, er verði liður í þróun hljóðvarps-, sjónvarps- og fjarskiptasamstarfs sem styðjist við miðlun um gervitunglakerfi. Ákvörðun um framhald samstarfsins að rannsóknastiginu loknu yrði tekin með því að gera sérstakan samning eftir að Norðurlandaráði hefði gefist kostur á að fjalla um málið að nýju.

Ráðherra nefndin ákveður eftirfarandi stefnumið fyrir rannsóknavinnuna:

1. Umfang kerfisins.

Rannsóknavinnan á að skapa grundvöll til þess að unnt verði að gera samning milli Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar varðandi uppbygging gervitunglakerfis í áföngum til dreifingar á hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrám og til miðlunar annarrar fjarskiptaþjónustu sem kerfið kann að þykja henta til. Í samningstextanum skal kveðið skýrt á um umfang samstarfsins og að öðru leyti tilgreindar hinar ýmsu forsendur sem gilda eiga.

Vinnan á rannsóknastiginu skal miða að því að undirbúa ákvörðun um uppbygging kerfisins, með hliðsjón af ályktunum Norðurlandaráðs og þeim markmiðum á sviði menningar-, fjölmiðla- og iðnaðarmála sem lýst var í álitsgerðinni „Norrænt hljóðvarp og sjónvarp um gervitungl“ og í skýrslu þeirri um iðnaðarmálefni sem lögð var fram síðar.

Á byrjunarstigi getur komið til greina að skipst verði á dagskrám á tveimur eða þremur sjónvarpsrásum. Þessar rásir ber að nýta þannig, að útvarpsstofnun hvers lands fái til umráða sendirými samkvæmt ákveðinni áætlun.

Á síðara stigi ber að miða samstarfið við, að sent verði á einni sjónvarpsrás til austur-norræna viðtökusvæðisins frá hverju þáttökulandi. Er þá gert ráð fyrir, að austur-norrænu ríkin láti í té rásarými til að senda íslenskar sjónvarpsdagskrár til austursvæðis Norðurlanda.

Á rannsóknastiginu skal fjalla nánar um rásafjölda fyrir dagskrársendingar til Íslands. Jafnframt því sem unnið er að þróun og uppbyggingu kerfisins skal einnig hyggja að því

við hvaða þætti fjarskiptaþjónustu, aðra en hljóðvarps- og sjónvarpssendingar, miða skuli gerð kerfisins.

Haga ber kerfinu þannig, að haldið sé möguleikum til að færa svo út kvíar samstarfsins síðar, að tekinni sérstakri ákvörðun um það efni, að nýttar verði allar þær sjónvarpsrásir sem þátttökurikjunum hefur verið úthlutað samkvæmt hinni alþjóðlegu tíðniáætlun.

2. Tæknilegar forsendur.

Miða skal vinnuna á rannsóknastiginu við þær sérstöku ráðstafanir varðandi skipan tíðnimála sem samþykktar voru á skipulagsráðstefnu Alþjóðlega fjarskiptasambandsins um útvarpsmálefni (WARC) 1977, svo og við það að miðlunin hlíti að öðru leyti þeim skilmálum sem settir eru í sáttmála Alþjóðlega fjarskiptasambandsins (ITU) og útvarpsreglugerðinni sem honum fylgir.

Á rannsóknastiginu ber m. a. að fjalla um eftirtalin atriði:

- Sendistyrk fyrir austur- og vestursvæði Norðurlanda.
- Afkastagetu kerfisins til hljóðvarps- og sjónvarpssendinga.
- Sendigetun í sambandi við aðra fjarskiptaþjónustu.
- Stefnumið varðandi kaup á búnaði o. fl.
- Skotflaug.

Innan marka rannsóknastigsins skal tæknileg og fjárhagsleg lýsing gervitunglakerfisins sett fram í því formi og unnin til þeirrar hlítar, að unnt verði á grundvelli hennar að taka ákvörðun um kaup á búnaði og stofnsetning kerfisins.

Vinnu á rannsóknastiginu ber að haga þannig, að hagnýtt verði sú reynsla og sú færni sem fengist hefur í starfi að þróun annarra gervitunglaáætlana, sérstaklega Tele-X.

Ennfremur ber í sambandi við þessa vinnu að leiða í ljós að hvaða marki kunni á byrjunarstigi að mega nýta Tele-X-gervitunglið.

Komi mismunandi tæknilegir kostir til greina um uppbygging kerfisins skal sem fyrst leggja fyrir ráðherranefndina tillögur um stefnumörkun fyrir rannsóknavinnuna í því efni.

3. Dagskrárforsendur.

Á rannsóknastiginu ber að leggja fram mismunandi tillögukosti um hvernig haga skuli dagskrárframboði í kerfinu.

Við umfjöllun dagskrármálefna á rannsóknastiginu skal miða við, að þær sjónvarpsrásir sem tiltækar verða á upphafs skeiði verði nýttar þannig, að útvarpsstofnun hvers lands fái til umráða sendirými samkvæmt ákveðinni áætlun.

Að því er varðar þýðingarþjónustu í sambandi við hið aukna hljóðvarps- og sjónvarps-samstarf skal á uppbyggingarskeiði stefnt að því marki, að u. þ. b. 40% af frumgerðu sjónvarpsefni frá Íslandi, Noregi og Svíþjóð verði þýdd á finnsku. Jafnmikill hluti af sjónvarpsefni framleiddu í Finnlandi og á Íslandi verði þýddur á norsku eða sænsku. Þetta mark ber þó að hækka eftir föngum með hliðsjón af þeirri reynslu sem fæst á uppbyggingarskeiðinu. Ennfremur er miðað við, að norskt og sænskt dagskrárefni verði að því marki sem unnt er búið texta (ágrip) á viðkomandi mál.

Við undirbúning dagskrársamvinnunnar skal höfð hliðsjón af því að Danir kunni að taka til athugunar að gerast aðilar að þeim þætti samstarfsins er varðar dagskrárefni.

4. Lögfræðilegar forsendur.

Vinnuna á rannsóknastiginu skal miða við, að ríki þau sem gera með sér samning um gervitunglasamstarf muni samþykka að unnt verði á umráðasvæði þeirra að taka við hljóðvarps- og sjónvarpsefni sem miðlað er um kerfið frá einhverju hinna ríkjanna.

Ennfremur ber að miða við, að ríkin skuldbindi sig til að senda ekki auglýsingaefni um kerfið til hinna ríkjanna, nema aðilar komi sér saman um annað.

Setning nauðsynlegra réttarreglna að öðru leyti vegna miðlunar hljóðvarps- og sjónvarpsefnis skal reist á þeim tillögum sem reifaðar voru í álitserðinni um norrænt hljóðvarp og sjónvarp um gervitungl og á sérstökum samningum.

5. Skipulagslegar forsendur.

Vinnan á rannsóknastiginu fer fram innan ramma norræna samstarfssamningsins frá 1962 (Helsingforssamningsins). Ráðherranefnd Norðurlanda tekur þær stjórn mála legu ákvarðanir sem til þarf á samnorrænum vettvangi og gerir samning þann sem getið er í inngangi stefnumiðanna.

Gert er ráð fyrir, að könnun tæknilegra, fjárhagslegra, iðnpólítískra og dagskrárlegra atriða á rannsóknastiginu verði framkvæmd með verkefnasamstarfi milli viðkomandi ráðuneyta, norrænu fjarskiptastofnananna og útvarpsstofnananna. Hver samstarfsaðili fyrir sig ákveður hverjar þessara innlendu stofnana skuli taka þátt í vinnunni.

Ráðherranefndin skipar embættismannanefnd um norrænt hljóðvarps- og sjónvarps-samstarf með einum fulltrúa frá hverju ráðuneyti sem hlut á að máli. Embættismannanefndin undirbýr mál til meðferðar í ráðherranefndinni og annast samræmingarstjórn vinnunnar á rannsóknastiginu.

Til aðstoðar við ráðherranefndina og embættismannanefndina skal komið á fót skrifstofuþjónustu í tengslum við Norrænu menningarmálaskrifstofuna í Kaupmannahöfn. Embættismannanefndin ákveður síðar nánar um tilhögun skrifstofuþjónustunnar.

Vinnuskipulagið gerir einnig ráð fyrir að komið verði á fót stýrinedfum fyrir hið tæknilega/fjárhagslega verkefnasamstarf annars vegar og hið dagskrárlega verkefnasamstarf hins vegar, auk þess sem sérfróðum aðila/aðilum verði falin umfjöllun lögfræðilegra atriða.

6. Fjárhagslegar forsendur og tímaáætlun.

Ráðherranefndin hyggst leggja fram nauðsynlegt fé til rannsóknavinnunnar. Vinnan á rannsóknastiginu skal fara fram innan kostnaðarmarka er miðast við 55 millj. sænskra króna (á verðlagi 1982). Í þessari fjárhæð felst kostnaður við það verkefnasamstarf milli hlutað-eigandi ráðuneyta, fjarskiptastofnana og útvarpsstofnana sem ekki rúmast innan eigin fjárveitingarmarka, svo og skrifstofukostnaður.

Kostnaður við vinnu á rannsóknastiginu skiptist á þátttökulöndin samkvæmt ákveðinni skiptireglu. Skal hún ákvörðuð á sama grundvelli og hin almenna norræna skiptiregla sem notuð er við skipting kostnaðar af öðru norrænu samstarfi.

Gert er ráð fyrir, m. a. með tilliti til Norðurlandaráðs, að Ráðherranefnd Norðurlanda verði með reglubundnum hætti gerð grein fyrir því hversu umfjöllun tæknilegra atriða og dagskrármálefna vindur fram. Áfangaskýrslur skulu berast ráðherranefndinni eigi síðar en 1. 11. 1982 og 1. 11. 1983. Rannsóknavinnunni skal lokið innan tveggja ára. Ætlast er til að lokaskýrslu verði skilað eigi síðar en 1. 4. 1984.